

LAND&SAGA

WWW.LANDOGSAGA.COM



Ávinningurinn getur orðið mikill

„Ávinningurinn getur orðið mikill fyrir orkugeirann á Íslandi ef hægt verður að ná tökum á djúpborunum.“ > 28



Mun efla fræðslu, meðvitund og umræðu um frið

Friðarsetur mun að öllu óbreyttu taka til starfa í Reykjavík í haust og verður því m.a. ætlað að vera til ráðgjafar um hvernig Reykjavík geti unnið að friði. > 6



Gríðarlega mikið áhyggjuefni

Hlýskeiðið, sem nú stendur yfir, hefur haft mikil áhrif á veðurfar. > 26



Samvinna og gagnkvæm viðskipti nauðsynleg

Vestnorræna ráðið er samstarfsvettvangur Íslands, Grænlands og Færeyja og á meðal markmiða þess er að vinna saman að vestnorrænum hagsmunum. > 27

Land og saga hefur fjallað um skipulag, byggingar, orkumál, nýsköpun sem og ferðamál í nýu ár. Eins og öllum er kunnugt um hafa málefni sem tengjast verklegum framkvæmdum átt undir högg að sækja undanfarin ár en við teljum að nú vori í þessum geira og við viljum sannarlega taka þátt í því. Við stefnum að mánaðarlegri útgáfu þar sem ofangreindum málaflokkum verða gerð góð skil.



Í þessu blaði er farið víða. Við ferðumst til Grænlands, förum um norðurslóðir og síðan alla leið til Kína. Íslenska ferðatímaritið Icelandic Times hefur haslað sér völl í Kína með kínverskri útgáfu blaðsins og kynnir land og þjóð fyrir einu fjölmennasta ríki veraldar. Icelandic Times nær til þúsunda ferðaskrifstofa sem og stofnana þar í landi. Auk prentaðrar útgáfu heldur Icelandic Times úti öflugri heimasíðu á fimm tungumálum, þar á meðal á kínversku. Nú nýverið hóf Icelandic Times samvinnu við kínverskar sjónvarpsstöðvar og hefur fréttáflutningur frá Íslandi vakið mikla og verðskuldaða athygli.

Við væntum þess að þessu framlagi okkar verði vel tekið, hér eftir sem hingað til.

Einar Þorsteinsson



Útgefandi: Icelandic Times
Ritstjóri: Einar Þorsteinsson / einar@landogsaga.is
Hönnun: J&Co. ehf.
Forsíðuljósmynd: Rafn Sig., Islandsmyndir.is
Prentun: Landsprent
Verkefnastjóri: Edda Snorradóttir / edda@icelandictimes.com
Markaðs- og sölufulltrúar: Alexander Kazek / alexander@icelandictimes.com, Kolbrún Kristín Ólafsdóttir / kolbrun@icelandictimes.com, Ragnar Finnbogason / ragnar@icelandictimes.com
Blaðamenn: Geir Guðsteinsson, Hrund Hauksdóttir, Róbert Róbertsson, Simon Falkner, Svava Jónsdóttir, Vignir Andri Guðmundsson.

ICELANDIC TIMES

Eina tímaritið á Íslandi sem talar frönsku, kínversku, þýsku og ensku



Náðu til viðskiptavinanna – talaðu þeirra mál með okkur

Flight taken. Wings spread.

Fly with Lufthansa to over 200 destinations worldwide via Frankfurt or Munich

Everything included



LH.com

Hlaut þrenn verðlaun á 20 ára afmælisárinu

LANDSLAGSARKITEKTASTOFAN LANDMÓTUN fagnaði 20 ára afmæli í fyrra en það ár hlaut hún þrenn verðlaun. Þau voru vegna hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins, skipulag og hönnun á Landmannalaugasvæðinu og samkeppni í tengslum m.a. við væntanlegan skóla, sundlaug og menningarmiðstöð í Úlfarsárdal. Í tilefni afmælisins var gefið út veglegt afmælisrit.

Starfsmenn Landmótunar eru tólf talsins, bæði landslagsarkitektar og skipulagsfræðingar. Í þessu 20 ár hefur starfsemin verið tvískipt; annars vegar skipulagsmál og hins vegar hönnun.

„Við höfum verið öflug í gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélög,“ segir Einar E. Sæmundsen, einn stofnenda Landmótunar, „bæði stærri og minni sveitarfélög. Hvað hönnunina varðar hafa þau verkefni tengst mikið stofnanaumhverfi, þessu daglega umhverfi okkar svo sem skólum, leikskólum, öldrunarstofnunum og síðan t.d. umhverfi vega og kirkjugarða.“ Landmótun hefur einnig tekið þátt í þó nokkrum samkeppnum á þessum 20 árum.

Samkeppni á afmælisárinu

„Við unnum þær samkeppni sem við tókum þátt í á afmælisárinu,“ segir Einar. „Það er sérstakt að vinna þrjár keppni á sama árinu.“ Þess má geta hvað vinningstillögurnar varðar að það var ekki endilega sama starfsfólkið sem vann saman að tillögugerðinni. Húpurinn kom hinsvegar að verkefninu á rýnifundum meðan vinnan stóð yfir. Hvað varðar samkeppnina um skipulag og hönnun Geysissvæðisins segir Einar að rykið hafi verið dustað af gömlum hugmyndum um að færa aðkomuleiðina að svæðinu



Einar E. Sæmundsen. Áslaug Traustadóttir.

suður fyrir þjónustukjarnann. Lega göngustíga á hverasvæðinu er líka endurskoðuð þannig að álagið dreifist innan svæðisins.

Þá felur tillagan einnig í sér þá framtíðarsýn að þjóðvegurinn verði fluttur suður fyrir þjónustukjarnann, en með því yrði tenging á milli þjónustusvæðisins og hverasvæðisins örugg og ekki skorin sundur af þjóðvegi.

Myndi styrkja mynd Landmannalauga

Hvað varðar skipulag og hönnun á Landmannalaugasvæðinu segir Áslaug Traustadóttir, fram-

stígarnir verða fjölbreyttir; þeir verða með útskot á ýmsum stöðum svo hópar geti notið leiðsagnar ótruflaðir af umferð. Tillaga Landmótunar gerir ráð fyrir að með bættu stígakerfi og áningarstöðum aukist öryggi gesta en jafnframt verði náttúruleg framvinda hverasvæðisins tryggð.

Þá felur tillagan einnig í sér þá framtíðarsýn að þjóðvegurinn verði fluttur suður fyrir þjónustukjarnann, en með því yrði tenging á milli þjónustusvæðisins og hverasvæðisins örugg og ekki skorin sundur af þjóðvegi. Við kölluðum tillöguna „Hlýr straumar náttúru og mannlífs“ og áttum gott samstarf við m.a. ARGOS arkitekta og marmiðlunarstofuna Gagari o.fl. við mótn hennar.

Myndi styrkja mynd Landmannalauga

Hvað varðar skipulag og hönnun á Landmannalaugasvæðinu segir Áslaug Traustadóttir, fram-



Geysissvæðið í Haukadál.

kvæmdastjóri og einn eigenda Landmótunar, að um hafi verið að ræða mjög skemmtilegt verkefni en Landmótun kallaði tillögu sína „Þar sem ljósgrýtið glóir“. Tillagan var unnin í samstarfi við VA arkitekta og Örn Þór Halldórsson arkitekt.

„Þetta er mjög áhugavert og fjölsótt svæði og er sjálft laugasvæði eiginlega orðið bara tjaldsvæði. Við tókum snemma þá ákvörðun

að því þyrfti að breyta sem og að fjarlægja allar byggingar fyrir utan gamla Ferðafélagsskálann sem okkur finnst liggja vel í landinu.

Við lögðum til að allar byggingar á laugasvæðinu yrðu nær bílastæðunum þannig að þegar fólk kemur á svæðið og gengur út á fyrsta útsýnisvallinn þá myndi náttúran blása við. Frá bílastæðinu verða tveir göngustígar; annars vegar þægilegur göngustígur sem yrði upphafið að Laugaveginum og hins vegar timburstígur sem lægi að laugunum frá bað- og sturtu- húsi. Þannig verður augljóst hvar upphafið að Laugaveginum er, en svo er ekki í dag.“

Meginmarkmiðið var að endurheimta landgæði og styrkja mynd Landmannalauga sem stórbrotið náttúrusvæði og raska þannig sem minnst náttúru og lífríki svæðisins. Tjaldstæðið yrði flutt norður fyrir Námshraun og staðsett í skjóli við hraunkantinn þar sem byggð yrði upp þjónustuaðstaða og gistiskálar. Hugmyndin er að byggingarnar yrðu byggðar úr ljósu timbri sem féllu vel að líparitinu sem er einkennandi á svæðinu.



Borgartún Reykjavík.



Akratorg Akranesi.



Akratorg Akranesi. Torgið hlaut lýsingarverðlaun Ljósteknifélagsins 2015.

Þjónustukjarni í Úlfarsárdal

Hvað varðar Úlfarsárdal var um að ræða samkeppni í tengslum við samþættna leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir fristunda- og félagsstarf, menningarmiðstöð og almenningsbókasafn, sundlaug og íþróttahús auk íbúðabyggingar. Þar unnu VA arkitektar samkeppnina með Landmótun sem samstarfsaðila. Áherslur landslagsarkitektanna hjá Landmótun voru að lóðin yrði aðlaðandi dvalar- og útivistarsvæði og að byggingarnar féllu sem best inn í landið auk þess sem lögð var áhersla á gott aðgengi, bæði frá íbúðarbyggðinni og dalnum. Á meðal markmiða við tillöguna má nefna að nýta

hæðarmun í lóð á jákvæðan hátt til að skapa mismunandi rými, að aðgreina gangandi og akandi umferð og að svæðaskipta lóðinni miðað við aldur og getu.

Mikilvægt þykir að bygging og lóð séu samfögnuð útivistarsvæðum dalsins og að þar verði pláss fyrir nánari útfærslur og þróun sem tekur mið af þörfum hverju sinni. Meginaðkoma að skóla, menningarmiðstöð og íþróttamannvirkjum verður út frá rúmstöðu aðkomutorgi sem verður miðpunktur hverfisins. Þar verða setstallar og rampar hluti af torginu sem mynda sólríkt dvalarsvæði með góða yfirsýn yfir dalinn og íþróttavelli.

Rauðir ljósastaurar

Viða á Íslandi má sjá verk starfsmanna Landmótunar. Má þar nefna lóð Háskólans í Reykjavík, Akratorg í miðbæ Akraness og Borgartúnið þar sem þrífur gangstéttir og rauðir ljósastaurar setja mikinn svip á svæðið. Mikil samvinna er við önnur fyrirtæki þegar kemur að stærri verkefnum svo sem arkitekta, verkfræðinga og ljósaönnuði. Hvað varðar Borgartúnið segir Áslaug að upphaflegu hugmyndina megi rekja til þess að Martha Schwartz, sem er alþjóðlegt nafn í landslagsarkitektahæminum, kom til landsins árið 2008 og vann með Hornsteinum hugmyndavinnu um

„Hvað hönnunin varðar hafa þau verkefni tengst mikið stofnanaumhverfi, þessu daglega umhverfi okkar svo sem skólum, leikskólum, öldrunarstofnunum og síðan t.d. umhverfi vega og kirkjugarða.“

Einar E. Sæmundsen



Vogaskóli Reykjavík.



Kirkjutorg við Langholtsskirkju.



Akratorg Akranesi.



Heilsu og meðferðargarður við BUGL.



Úlfarsárdalur. Hugmynd að skólartorgi.



Úlfarsárdalur



Úlfarsárdalsdelliskipulag.



Landmannalaugar. Framtíðarsýn.

Mun efla fræðslu, meðvitund og umræðu um frið

FRIDARSETUR mun að öllu óbreyttu taka til starfa í Reykjavík í haust og verður því m.a. ætlað að vera til ráðgjafar um hvernig Reykjavík geti unnið að friði hér heima og erlendis. Jón Gnarr, formaður ráðgjafarmyndar um hið væntanlega friðarsetur, segir að draumur sinn sé að Ísland og Reykjavík geti orðið leiðandi aðilar í friðarmálefnum á alþjóðavettvangi.

Jón Gnarr verður formaður ráðgjafarmyndar um væntanlegt friðarsetur í Reykjavík sem verður ætlað að styrkja borgina sem borg friðar. Um er að ræða samstarfsverkefni á milli Reykjavíkurborgar og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Setrið mun að öllu óbreyttu taka til starfa í haust og verða hýst innan Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Að sögn Jóns Gnarr er markmiðið að styrkja Reykjavík sem borg friðar og vera til ráðgjafar um hvernig Reykjavík geti unnið að friði hér heima og erlendis. Með starfi friðarseturs verður stuðlað að uppbyggilegum samskiptum, minnkandi ofbeldi og friðsamlegum samskiptum ríkja og alþjóðastofnana.

„Hugmyndin að friðarsetrinu hefur verið til staðar nokkuð lengi,“ segir Jón Gnarr, „og hefur verið vilji hjá Reykjavíkurborg til þess að formfesta

friðarmál innan stjórnkerfisins. Þetta er svoltið flókið í framkvæmd þegar til kastanna kemur. Það er svo erfið að skipuleggja frið eða friðarmál. Það er hins vegar svo auðvelt að skipuleggja ófrið.

Hugmyndin að friðarsetrinu byggir á því að styrkja þá sterku friðarmeningu sem er á Íslandi, í íslenskrri menningu og íslenskrri sögu og reyna einhvern veginn að virkja hana, greina hver hún er, hvað felst í henni og hvernig hægt væri að vinna með þá þræði bæði til þess að styrkja friðarmál og baráttuna gegn ofbeldi og líka hugsanlega til þess að einhverjar aðrar þjóðir geti einka sé aðferðir okkar.“

Fræðsla um friðarmál

Jón Gnarr segir að draumur sinn sé að Ísland og Reykjavík gætu orðið leiðandi aðilar í friðarmálefnum á alþjóðavettvangi.

„Nokkrar þjóðir hafa verið svoltið leiðandi hvað það varðar og þá sérstaklega Norðmenn og ég sé ekkert því til fyrirséðu að Íslendingar leggi þessu góða máli lið.“

Hann segir að sem formaður ráðgjafarmyndarinnar muni hann byrja á að leggja áherslu á fræðslu um friðarmál og mikilvægi þeirra og kannski opna auga almennings fyrir

mikilvægi friðarmála. „Fólk hefur oft ákveðnar hugmyndir um friðarmál sem eru ekkert alltaf í samræmi við raunveruleikann og oft eru það einhverjir fordómur eða klisjur. Fólk tengir oft friðarmál við einhvers konar hippaheimspeki og mér finnst vera mikilvægt að leggja áherslu á að efla fræðslu, meðvitund og umræðu um frið og gildi friðar og síðan hvernig við getum styrkt þá friðarstarfsemi sem er nú þegar á Íslandi eins og til dæmis friðarsúlan í Viðey, Höfði, sem gegndi lykilhlutverki í endalokum kalda stríðsins, og hvað megi gera meira.“

Samtal eða ofbeldi

Jón Gnarr segir að þegar kemur að lausn mála sé um tvennt að velja: Að leysa þau með samtali eða ofbeldi. „Markmiðið með því að vinna að friði og tala fyrir friði er að tala fyrir samræðum en ekki fyrir ofbeldi. Friðarumræða er hluti af öllu samfélaginu og varðar allt frá friði í hjartanu og heimilisfriði og upp í heimsfrið og allt þá milli. Þessi umræða er eins og margt annað – það er oft verið að takast á við ákveðið hugarfar og við þökkjum þetta varðandi umræðu í tengslum við mannréttindamál svo sem stöðu



Jón Gnarr ásamt Yoko Ono.

kvenna eða samkynhneigðra. Og allt byrjar þetta á umræðu, aukinni nærvitund og meðvitund.“

Þótt vindar blási víða þá segir Jón Gnarr að ófriður og ofbeldi séu á undanhandi í heiminum. „Fólk settir sig sífellt minna við óréttlæti og ofbeldi og mér finnst vera mikilvægt að hver manneskja leggi sitt af mörkum til þess að auka hraðann á því að útrýma ofbeldi þannig að það heyrir meira og meira til undantekninga frekar en reglu. Ég trúi því að við munum einn daginn sjá það að við lifum í nokkuð ofbeldislausum heimi.“

Búum að sérstakri friðarhefð

Þegar hefur komið fram að hugmyndin að friðarsetrinu byggir á því að styrkja þá sterku friðarmeningu sem er á Íslandi, í íslenskrri menningu og íslenskrri sögu. „Við Íslendingar búum að sérstakri friðarhefð og hún hefur verið á Íslandi í langan tíma. Íslendingar hafa alltaf verið hikandi við það að taka þátt í einhverju

sem tengist hernaði og er það mikilvægur hluti af sjálfsmynd okkar sem þjóðar að vera herlaus og ofbeldislaus fólk og það er hluti af sjálfsmynd okkar sem kúltúraðar manneskjur að við leyfum ágreining og deilur með samræðum en ekki ofbeldi. Þetta er ekki sjálfgefið vegna þess að mjög víða um heim er ofbeldi oft einhvern veginn fyrsti kostur í lausn vandamála. Friðsemdin, sem er líka náteynd náungakærlleika og gestrisni, er hluti af því sem við erum sem þjóð. Í friðarsetrinu verður reynt að virkja þennan kraft með einhverjum formlegum hætti.

Ég ber miklar væntingar til friðarsetursins. Ég held að fólk muni hugsa um frið þegar það hugsar um Reykjavík í framtíðinni; að það tengi saman Reykjavík og frið. Ég held að það væri alveg dásamlegt.“

Mannréttindi og jafnrétti

Jón Gnarr hefur verið orðaður við slaginu um forsetastölinn. Á hvað myndi hann leggja áherslu varðandi friðarmál sem forseti Íslands? „Ef ég gæfi kost á mér og yrði kjörinn forseti myndi ég leggja áherslu á mannréttindi og jafnrétti og ég myndi beita mér og reyna að nota það embætti til þess sem ég teldi vera gott, jákvætt og uppbyggilegt í þeim málum t.d. með því að taka afstöðu með mannréttindum og á móti mannréttindabrotum. Ég fann það þegar ég var borgarstjóri að það skiptir gríðarlega miklu máli.“

-SJ

Margt á döfinni í skipulagsmálum í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR er þriðji stærsti bæir landsins en þar búa um 27.500 íbúar. Bærinn hefur vaxið hratt á undanföllum árum og ný hverfi hafa risið með fjölbreyttu og blómlegu mannlifi.

Hafnarfjarðarbær stefnir að því að bjóða eftirsóknarvert búsetuhverfi með því að leggja áherslu á vandað bæjarskipulag, tengsl við ósnerta náttúru, góða byggingarlist, umferðaröryggi og umhverfismál. Aðalskipulagið er til ársins 2025 og markar framtíðarsýn um það hvers konar bæ við viljum byggja á næstu árum. Það snýst um fólkid sem býr í bænum og á að lifa í því umhverfi sem við búum okkur. Það snýst líka um fyrirtæki sem við viljum laða að okkur til að skapa atvinnu og tekjur fyrir bæjarfélagið sem og til að taka þátt í að skapa umhverfi okkar,“ segir Dr. Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri skipulags og byggingarfulltrúi

Skarðshlíð stærsta nýbyggingarsvæði

„Það hefur verið mikið byggt hér á undanföllum árum enda hefur fjölgað að meðaltali um þúsund manns á ári í bænum síðustu árin. Árið 2006 var 950 íbúðum og húsum úthlutað auk þess sem farið var í uppbyggingu á iðnaðarsvæðinu. Þegar kreppan skall á stöðvaðist nánast allt. Þá sátum við uppi með hverfi með götum, lögnum og ljósastaurum en það vantaði hins vegar húsin og fólkid,“ segir Bjarki. Þau hverfi sem urðu verst úti eru Skarðshlíð og hlutar Áslands og Valla.

Skarðshlíð er stærsta nýbyggingarsvæðið í Hafnarfirði og þar eru áform um að byggja 350 íbúðir og hús. Hverfið liggur sunnan og vestan í Ásfjalli. Þetta er mjög fallegt svæði og þar er mikil veðuræld. Að norðan afmarkast skipulagssvæðið af Grísanesi, að austan af bröttum hlíðum Ásfjalls. Svæðið afmarkast af Ásvallabraut í suðri. Aðkoma akandi umferðar að svæðinu er um Ásvallabraut. Hugmyndin er að byggt verðir frekar í Áslandi og hverfið tengt við Skarðshlíð. Þá eru áform um nýjan veg veg sem tengdur verður við Reykjanesbraut við Vogahverfið á teikniborðinu sem verður mikil samgöngubót fyrir hverfin. Síðan má ekki gleyma göngu- og hjólaferðastígum sem við erum að



Dr. Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri skipulags og byggingarfulltrúi í Hafnarfirði, fer yfir skipulagsmálin á korti af bænum.

MYND: ROBERT ROBERTSSON

vinna að líka en það er heilmikið í gangi í þeim efnunum. Hér á Völlum er m.a. göngu- og hjólaferðastígur í gegnum hraunið en það þarf einnig að huga að því að vernda hraunið. Við viljum auka möguleika fólks á að ganga eða hjóla til vinnu,“ segir Bjarki.

Áhersla á eftirsóknarverð atvinnusvæði fyrir fyrirtæki

Hann bendir á að Hafnarfjarðarbær leggi áherslu á eftirsóknarverð atvinnusvæði fyrir fyrirtæki m.a.

með fjölbreyttu framboði á atvinnulöðum, flokkum atvinnusvæða eftir gæðum umhverfis og bygginga og vönduðu skipulagi sem fellur að kröfum sem flestra fyrirtækja.

Athafna- og iðnaðarsvæði í suðurhluta Hafnarfjarðar eru í Selhrauni, Hellnahrauni og Kapelluhrauni. Alls eru stærð nýbyggingarsvæða á skipulagstímabilinu um 270 hektarar sem mun anna fyrirsjáanlegri þörf næstu áratuga. Svæðin eru flokkuð eftir því hvaða starfsemi er ætluð innan þeirra. Þessi flokkur byggir meðal annars á því að flokka saman skylda starfsemi, þannig að hvert fyrirtæki geti valið sér það umhverfi sem hentar best en þannig er komið í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á milli fyrirtækja.

„Það er ekki búðið að byggja nema hluta á iðnaðarsvæðinu þannig að við eignum fullt af göðum lóðum fyrir atvinnustarfsemi. Þá er stefnan að byggja athafnasvæði á milli iðnaðar- og íbúðarverfanna. Þar er ætlunin að byggðar verði verslanir, skrifstofur og hótel svo dæmi séu nefnd. Icelandair

Það hefur verið mikið byggt hér á undanföllum árum enda fjölgaði að meðaltali um þúsund manns á ári í bænum. Árið 2006 var úthlutað 950 íbúðum og húsum og farið þar að auki í iðnaðarsvæðin.

Dr. Bjarki Jóhannesson

hefur ákveðið að byggja flughermi og kennslustofur á því svæði og huganlegt er að Icelandair flytji höfuðstöðvar sínar alfarid þangað. Það eru miklir möguleikar víða á þessu svæði.“

Uppbygging en einnig hverfisvernd

Bjarki segir að margt sé nú að fara í gang sem hafi stöðvast í hruninu. „Við erum m.a. að endurskoða miðbæinn og stefnan er að þónokkur uppbygging fari þar fram sem og við höfnina við Norðurbakka og á Holtinu við oliutankanna. Þar eru enn svæði til að byggja á. Okkur langar einnig mikið að hreinsa talsvert til neðan við Hvaleyrarbrautina sem snýr að höfninni. Þá er verið að skoða hvernig hægt er að nýta

gamla slíppsveðið betur. Það er hægt að gera það aðlaðandi og skemmtilegt svæði sem myndi tengjast miðbænum. Einnig stendur til að þetta aðeins byggð á nokkrum stöðum í bænum og endurbýggja jafnvel nokkur svæði og fegra þau. Samhliða uppbyggingu og nýbyggingum erum við að vinna í hverfisvernd byggðar þar sem áhersla er á verndun gatna og húsaþyrpingasem eiga ákveðna sögu og eru hluti af byggðarsögu Hafnarfjarðar. Þar má nefna Hverfisgötu, Austurgötu og Hringbraut svo dæmi séu tekin. Hafnarfjörður er ákaflega fallegur bæ með mikla sögu. Við viljum að sjálfsögðu halda í við söguna og ekki fara of geyst. Það þarf að huga vel að mörgu,“ segir Bjarki.



Markmiðið með því að vinna að friði og tala fyrir friði er að tala fyrir samræðum en ekki fyrir ofbeldi.

Jón Gnarr

Opinberir aðilar geta átt stóran þátt í að fjölga íbúðum

- hefði mest áhrif að draga úr fjármagnskostnaði

Sigurður Ingólfsson, framkvæmdastjóri HRANNARR RÁÐGJAFAPJÓNUSTU, segir að á miðju síðasta ári hafi Hannarr ehf. varpað fram í grein spurningunni um það hvert við Íslendingar værum að stefna í húsnæðismálum okkar. Mat fyrirtækisins var þá að 2-3000 íbúðir vantaði á landinu til að mæta eðlilegri eftirspurn eftir nýjum íbúðum. Þekkt er að íbúðir eru í auknum mæli leigðar út til erlends ferðafólks, sem hefur þau áhrif að færri íbúðir eru til ráðstöfunar fyrir Íslendinga, sem eykur enn þörfina á nýjum íbúðum, en engar tölur eru haldbærar yfir áhrifin af því.

Sögulegt meðaltal nýbygginga á landinu er 1500 til 2000 íbúðir á ári. Á árinu 2014 var byrjað á byggingum 582 íbúða. Þörf á nýjum íbúðum hefur samkvæmt því aukist a.m.k. um 1000 íbúðir á árinu 2014 og vantar samkvæmt því nú um 3-4000 íbúðir, og fjöldinn eykst!

Lítið framboð íbúða hækkar verð
Frá ársbyrjun 2010 til desembermánaðar 2014 hækkaði íbúðarverð um 31,8% og frá desember 2013 til sama tíma 2014 um 9,3%, samkvæmt tölum Þjóðskrár. Á sömu tímabilum hækkaði vísitala launa um 34,6% og 6,6%, vísitala byggingarkostnaðar um 20,8% og 1,3% og neysluverðsvísitalan um 18,4% og 0,8%. Samkvæmt þessum tölum hefur verð íbúða hækkað umtalsvert á síðasta ári umfram byggingarkostnað og einnig umfram verðlag almennt, eða á bilinu 8-9%. Út úr þessum tölum má vafalítið lesa vaxandi eftirspurn eftir íbúðum, sem ekki kemur á óvart og hækkandi verðs samfara því. Það sem kemur kannske á óvart er að ekki skuli vera byggt meira við þessar aðstæður. Hver ætli ástæðan sé fyrir því?

en reikna má með að samningar náist um. Að byggja 115 m2 íbúð kostar í dag um 30 milljónir króna. Það er vinsælt meðal fjármögnunar-fyrirtækja og stjórnmalanna að tala um að þessi kostnaður sé mikill og þurfi að draga úr honum. Þetta er að hluta til rétt þó að erfitt sé að halda því fram að heildar byggingarkostnaður sé hér á landi. Helst mætti benda á tvo þætti í því sambandi. Annars vegar vaxtakostnað og hins vegar lóðakostnað. Einnig mætti nefna aukinn kostnað vegna vaxandi krafna í lögum og reglugerðum um byggingarmálefni. Að hafa áhrif á þessa þætti er á valdi opinberra aðila og stjórnmalanna.


Bankar og aðrir eigendur fjár á Íslandi rukka 6,5% og þaðan af hærri vexti á sín útlán. Ef allt er greitt á gjalddaga og án vanskila, þá greiðir sá sem fær lánaðar 30 milljónir króna til íbúðarkaupa um 163 þúsund krónur mánaðarlega í vexti sé miðað við 6,5%.

Sigurður Ingólfsson

Hár vaxtakostnaður
„Bankar og aðrir eigendur fjár á Íslandi rukka 6,5% og þaðan af hærri vexti á sín útlán. Ef allt er greitt á gjalddaga og án vanskila, þá greiðir sá sem fær lánaðar 30 milljónir króna til íbúðarkaupa um 163 þúsund krónur mánaðarlega í vexti sé miðað við 6,5%. Vilji hann borga lánið niður á 30 árum bætast í upphafi við 83 þúsund krónur á mánuði. Samtals eru




Undanfarin ár hefur lóðakostnaður rokið upp og er nú 15-20% af íbúðarverði þar sem það er ódýrast. Fyrir nokkrum árum var þessi kostnaður meira en helmingi lægri. Ef þessi gjöld voru talin eðlileg fyrir nokkrum árum, hvað hefur þá breyst þannig að nú sé eðlilegt að þau séu þetta mikið hærri í dag?



mánaðargjöldin þannig um 246 þúsund krónur. Miðað við 1% verðbólgu, eins og nú er, má ætla

að verðmæti íbúðarinnar gæti aukist um 25 þúsund krónur á mánuði, en á móti kemur að sú

upphæð myndi fara í viðhaldskostnað eignarinnar. Þekkt er að vaxtakostnaður á Íslandi er mikill,



eða 2-3 sinnum hærri af húsnæðislánum en gerist í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Raunvextir voru t.d. 2-5 prósentustigum hærri á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum, samkvæmt athugun

Neytendasamtakanna árið 2005 og er munurinn trúlega enn meiri nú. Í dæminu hér á undan væri vaxta-

kostnaðurinn 54 til 82 þúsund krónur ef það væri veruleikinn, en ekki 163 þúsund krónur eins og raunin er. Einnig mætti ræða um það hér hver borgi í raun vextina, þegar vaxtabætur og húsnæðisbætur eru teknar inn í myndina," segir Sigurður.

Undanfarin ár hefur lóðakostnaður rokið upp og er nú í 15-20% af íbúðarverði þar sem það er ódýrast á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir nokkrum árum var þessi kostnaður meira en helmingi lægri. Húsbyggjendur og íbúar geta spurt um ástæður þessara hækkana. Ef þessi gjöld voru talin eðlileg fyrir nokkrum árum, hvað hefur þá breyst þannig að nú þyki eðlilegt að þau séu þetta mikið hærri í dag?

Opinberir aðilar geta átt stóran þátt í að fjölga íbúðum

„Auknar kröfur opinberra aðila með samþykki nýrra Mannvirkjagala og byggingarreglugerðar hafa verið mikið í umræðunni undanfarið, eins og þeir þekkja sem fylgjast með byggingarmálefnum. Kröfur þessar hafa annars vegar valdið auknum framkvæmdakostnaði og hins vegar kostnaði

„Hugmyndum um minni vatnsaflsvirkjanir hefur aftur vaxið fiskur um hrygg“

Sigurður Ingólfsson verkfræðingur, eigandi ráðgjafafjónustunnar Hannarr ehf., segir eitt af því sem Hannarr hefur unnið að sé þjónusta við uppbyggingu minni vatnsaflsvirkjana. Sú þjónusta felst í úttekt á aðstöðum, arðsemisútreikningum á fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum – viðskiptaáætlun, samskipti við opinbera aðila, leit að eða samningum um virkjunarbúnað, hönnun virkjunar, stjórnun framkvæmda og eftirliti og aðstoð við gerð samninga um orkusölu. Á heimastöðunni, www.hannarr.com, er sérstakt reiknilíkan fyrir útreikninga á afli virkjunar og stærð aðfallsröra. Þarna er líka að finna upplýsingar um hvers vegna smávirks virkjanir eru áhugaverðar kostur. Lítið hefur verið gert til þess að nýta þau verðmæti sem liggja í litlum vatnsföllum um allt land, en það er jafn hagkvæmt og áður að virkja þau, eða jafnvel hagkvæmara, og vatnsföllin eru þarna enn.

„Efnahagshrunið gerði tímabundið út af við hugmyndir manna um minni vatnsaflsvirkjanir, en nú má búast við að þær verði skoðaðar upp á nýtt vegna hækkandi verðs á raforku, sem gerir þessar virkjanir aftur hagkvæmar fyrir orkuþóðann, að ekki sé minnst á hagþjófslagsins alls,“ segir Sigurður Ingólfsson. **-GG**



Sigurður Ingólfsson, framkvæmdastjóri Hannarr ehf.

við byggingareftirlit,“ segir Sigurður.

Sú umræða sem verið hefur um að nú sé rétt að hefja byggingu leiguíbúða í stórum stíl er ekki ný, hún kemur upp öðru hvoru þegar þrengir að í þjóðfélaginu. Það sem er rangt við þá umræðu er að það skiptir ekki máli hver á fasteignina að öðru leyti en því að íbúðareigandi hugsar að jafnaði betur um sína eign og gerir oft hluti sjálfur sem annars eru aðkeyptir. Þetta dregur hvoru-veggja úr rekstrarkostnaði. Ekki á að skipta máli hver á þá peninga sem bundnir eru í eigninni og er því ekki rætt hér sérstaklega um leighúsnæði.

Niðurstaða þessara hlugleiðinga er að opinberir aðilar geti átt stóran þátt í að fjölga íbúðum og það sem hefði mest áhrif væri að draga úr fjármagnskostnaði.“



Waterfall Country & Equestrian – Suður Afrika

Nútímalegt 2600 m² glæshýsi í Suður Afríku. Húsið inniheldur 6 svefnherbergi og 6 baðherbergi. Auk þess er m.a. vinkjallari, hjóðeinangarður kvikmyndasalur, tennisvöllur og fallegur garður. **Verð: Tilboð**

Heimurinn er orðinn svo lítill

FASTEIGNASALAN HÚSASKJÓL var nýlega valin til samstarfs við alþjóðlegu fasteignaslukeðjuna Leading Real Estate Companies of the World. Ásdís Ósk Valsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Húsaskjól, leggur áherslu á að starfsmenn þjónusti hvern viðskiptavin óaðfinnanlega og með þessu samstarfi er hægt að sinna Íslendingum sem hyggjast flytjast búferlum erlendis enn betur með val á húsakosti, hvort sem vilji er til að fjárfesta í fasteign eða leigja. Samstarfið við Leading Real Estate Companies aðstoðar að sama skapi erlenda aðila sem hafa áhuga á að kaupa fasteign á Íslandi.

Leading Real Estate Companies of the World er alþjóðleg fasteignaslukeðja sem samanstendur af um 500 sjálfstætt starfandi fasteignasölum í tæplega 50 löndum. Keðjan er í samstarfi við 4.000 umboðaðila og um 120.000 fasteignasala um allan heim. Nýlega bættist Húsaskjól við friðan hóp samstarfsaðila keðjunnar en í samstarfinu felast mikil tækifæri fyrir Íslendinga,“ segir Ásdís Ósk Valsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtekisins. „Heimurinn er orðinn svo lítill og mér finnst svo mikilvægt að við tengjumst erlendum fasteignasölum. Íslendingar eru farnir að vinna út um allan heim og með samstarfinu getum við séð um að útvega fólki húsnæði utan Íslands hvort sem það vill kaupa eða leigja.“ Eignaskráin er fjölbreytt og

telur m.a. þakibúð í Þýskalandi, strandhýsi á Belís og litla eyju í Karabíska hafinu. „Það sem mér finnst vera svo spennandi við þetta er að engin önnur fasteignasala á Íslandi getur boðið upp á slíka þjónustu. Það er gífurlegur heiður að hafa verið valin inn í þessa keðju þar sem þeir samstarfsaðilar sem boðin er innnganga eru handvaldir. Aðgangsskilyrðin eru mörg en það tók um sex mánuði að fara í gegnum umsóknarferlið. Aðeins ein íslensk fasteignasala fær ingöngu vegna smáðar markaðssvæðisins okkar enda er markmiðið að skapa ríkan samvinnugrundvöll á meðal meðlima keðjunnar. Við erum gífurlega stoltar af því að hafa fengið sérleyfið.“

Þjónusta alla leið
Ásdís Ósk segir að kostirnir séu margir við að kaupa eða leigja fasteign erlendis í gegnum Húsaskjól. „Ef Íslendingur er til dæmis að flytja til Bandaríkjanna þá getum við aflað ítarlegra upplýsinga hjá okkar tengiliðum um þann raunkostnað sem fylgir því almennt að



búa í viðkomandi bæ eða borg. Þá getum við þrengt leitarsvæðið með því að senda upplýsingar um þarfir og óskir viðkomandi svo sem varðandi tegund húsnæðis, hverfi og jafnvel íþróttaiðkun barna í tengslum við val á svæði. Mér finnst frábært að geta boðið þjónustu alla leið - að geta bæði selt eða leigt eign viðkomandi á Íslandi og jafnframt haft milligöngu um að útvega hentugt húsnæði erlendis. Því fylgir auðvitað mikið álag að flytja til útlanda og mér finnst mjög gefandi að hafa aðstöðu til að draga úr því álagi með gagngerrni aðstoð við viðskiptavininn okkar.“

Leading Real Estate Companies of the World eru með fjölda skrifstofa um allan heim og hafa auk þess tók á að finna réttan fasteignasala erlendis fyrir viðskiptavininn jafnvel þótt ekki sé formlegur samstarfsaðili starfandi á viðkomandi svæði. Líkurnar á að hægt sé að veita fólki þjónustu óháð svæði eða landi sem það hyggst flytja til eru því meiri en minni.

Ásdís Ósk segir að þessi alþjóðlega samvinna geri það líka að verkum að Húsaskjól verði jafnframt frekar fyrsta val útlinginga sem flytja til Íslands. „Það má segja að við séum í rauninni með um 120.000 söulumenn sem geta vísað á okkur.“

Berlín – Þýskaland
Glæsileg fullbúin þakibúð í lúxusbyggingu við Potsdamer Platz. Íbúðinni tilheyrir þakgarður með fallegu útsýni yfir Berlín. Íbúar hússins hafa aðgang að heilsulind og líkamsræktarstöð. Í byggingunni er húsvarsla og öryggisgæsla allan sólarhringinn. **Verð: Tilboð**



St. George's Caye – Belize

Um 170 m² strandhús með einkastrand staðsett í 20 mín akstursfjarlægð frá Belize-borg við Karabíska hafid. Húsið er fullbúið húsgögnum og þykir eitt vandaðasta strandhús sem er í boði á þessum stað. Húsið inniheldur fjögur svefnherbergi og þrjú baðherbergi. Eigninni fylgir um 65 m² verand og litill bryggja. **Verð: USD 650.000**



Sarasota – Flórída, Bandaríkin

Fallett 155 m² þriggja herbergja hús í afgirtu hverfi með öryggisgæslu. Húsinu fylgir sundlaug og heitur pottur ásamt viðhaldi utanhúss gegn vægu gjaldi mánaðarlega. Í hverfinu er 18 holu golfvöllur, tennisvöllur, líkamsræktarstöð o.fl. **Verð: USD 344.000**

Í góðum samskiptum við viðskiptavininn
Ásdís Ósk stofnaði Húsaskjól fyrir fimm árum eftir að hafa unnið sem fasteignasali hjá RE/MAX í tæp 10 ár. Á því tímabili var hún söluhæsti fasteignasali RE/MAX á Íslandi um árabil. „Aðalsmerki okkar er að vera með færri viðskiptavinum hverju sinni og veita þeim persónuþaða þjónustu. Við tökum aldrei fleiri viðskiptavinum að okkur en svo að við getum veitt hverjum og einum 150% þjónustu. Um leið og við höfum fengið eign til sölu meðferðar opnast allar dyr og getur viðkomandi t.d. hringt í okkur hvenær sem er. Við viljum sinna hverjum og einum óaðfinnanlega. Markmið okkar er að fara fram úr væntingum fólks bæði til þess að tryggja ánægju viðskiptavinarins og sömuleiðis er hann þá líklegur til að vísa öðrum á okkur í kjölfarið.“ Á Húsaskjól er miklum tíma varið í að þarfagreina hvern viðskiptavin. „Við viljum t.d. vita að hverju hann leitar og hvernig hann vill hafa samskiptin - hvort hann vilji að við hringjum í hann, sendum honum tölvupóst eða verðum jafnvel vinir á Facebook. Sumir vilja lítið áreiti þannig að við höfum þá opið hús einu sinni í



Pelican Cay – einkaeyja við Bahamas eyjaklasann

Rúmlega 12.000 m² einkaeyja ásamt tveggja herbergja íbúðarhúsi við Abacoeyju sem tilheyrir Bahamas eyjaklasnum. **Verð: USD 2.500.000**



Heimurinn er orðinn svo lítill og mér finnst svo mikilvægt að við tengjumst erlendum fasteignasölum. Íslendingar eru farnir að vinna út um allan heim og með samstarfinu getum við séð um að útvegað fólki húsnæði utan Íslands hvort sem það vill kaupa eða leigja.

Ásdís Ósk Valsdóttir

endur. Það flýtir söluferlinu oft mikið en fjölmörg dæmi eru um að eignir seljist á fyrsta degi eftir sölu-skráningu.“

Endurmenntun
Starfsmenn Húsaskjól eru fimm - allt konur. Ásdís Ósk segir að andinn sé góður á vinnustaðnum og að



Villa Maria - Toscana hérað, Ítalía

Fallett sveitasetur í Toscana héraði, byggt í kringum 1500 og á sér mikla sögu. Húsið er um 750 m² á þremur hæðum, inniheldur 10 svefnherbergi og 6 baðherbergi. Hvert herbergi er skreytt með veggmyndum og inniheldur afar vönduð húsgögn. Húsið er staðsett í 25 kílómetra fjarlægð frá Pisa. **Verð: EUR 5.000.000**

Sýnishorn af seldum eignum árið 2015



Heiðargerði 5, Vogar

4-5 herbergja 99,7 fm jarðhæð með góðum afgirtum sólpalli í Vogum á Vatnsleysuströnd. Þvottahús er innan íbúðar og geymsla er með glugga og er innan íbúðar og getur nýst sem 4 svefnherbergið í íbúðinni.



Laugaland 3, 201 Kópavogur

4ra herbergja íbúð á 3ju og efstu hæð (gengið í raun upp 2 hæðir), ásamt geymslu í sameign og bílskur. Þetta er mjög góð eign þar sem órúttur er í skóla (Lindaskóla), leikskóla (Núpur), Salalagína, Heilsugæslustöð, Nettó.



Njálsgata 20, 101 Reykjavík

3ja-4ra herbergja íbúð á efstu hæð í mikið endurnýjuð húsi með svölum og ríslotti. Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanförunum árum



Klapparstígur 11, 101 Reykjavík

Falleg 3ja herbergja íbúð á tveimur hæðum í risi við Klapparstíg. Eignin er einstaklega sjármærandi með listum, rósettum og gólfíjólum.



Vatnsstigur 9, 101 Reykjavík

Mjög skemmtileg 4ra herbergja íbúð á 2 hæðum með sérningangi í tvíhúshúsi. Stærð eignar er 86,2 fm, 2 svefnherbergi, stofa og vinnuherbergi á neðri hæð.



Köttufell 3, 111 Reykjavík

Falleg 2ja-3ja herbergja íbúð á jarðhæð með óvenju stórum sérgarði. Úr stofu er gengið út í litla sólstofu með hita í gólf og þaðan er gengið út á mjög góða afgirta verand.

Icelandic Times nemur land í Kína

ICELANDIC TIMES hefur um árabil gefið út ferðatímaritid Icelandic Times á ensku en franskar og þýskar útgáfur ritins, sem eru heilsársútgáfur, verða nú gefnar út fjórða árið í röð. Nýjasta afurðin innan tímaritaflokksins er kínversk útgáfa sem óhátt er að segja að hafi vakið talsverða athygli, bæði á Íslandi og í Kína.

Fyrsta útgáfan kom út í nóvember á síðasta ári og varð að umfjöllunarefni einnar stærstu fréttaveitu Kína, Xinhua News Agency. Umfjöllunin rataði á alla helstu miðla samsteypunnar en fréttastofan, sem er í ríkiseigu og er ein af þremur stærstu fréttastöðvum Kína, rekur meðal annars sjónvarpsstöðvarnar CNC China og CNC World sem sjónvarpa á ensku og kínversku í yfir 120 löndum. Sömu leiðis rekur fréttastofan margar af öflugustu veffréttaveitum þar í landi.

Samstarf við kínverskar fréttaveitur Icelandic Times hyggst gefa út annað tölublað kínverska tímaritsins í mars næst komandi. Efni þess er alfarið unnið hér á landi en svo þýtt og staðfært



Kínverski sendiherrann heimsótti nýverið ritstjórnarskrifstofur Icelandic Times og lýsti yfir ánægju með kínversku útgáfu Icelandic Times.

af kínverskumælandi sérfræðingum innan vébanda Icelandic Times. Tímaritið er skrifað á mandarín kínversku sem er opinbert mál í Kína.

„Ljóst er að mikill áhugi er fyrir útgáfunni í Kína. Þar er auðvitað um gríðarlega stóran markað að ræða og miklir möguleikar sem þar fyrirfinnst. Þá er sam-

starfið við kínverskar fréttaveitur spennandi og býður upp á ótrúleg tækifæri. Við höfum eiginlega verið mjög undrandi, en að sama skapi ánægð með að sjá hve mikla útbreiðslu þetta efni okkar frá Íslandi hefur fengið. Það eru ekki bara kínverskir sjónvarpsáhorfendur sem sjá þetta heldur hafa komið mikil viðbrögð frá Banda-

rikkjunum, Afríku og víðar að úr heiminum. Sjónvarpsstöðin CNC World sendir út fréttir á ensku til yfir 120 landa þannig að efnið er aðgengilegt fyrir gríðarlegan fjölda fólks um allan heim,” segir Ragnar Finnbogason, sviðsstjóri erlendra samskipta hjá Icelandic Times, en hann bjó í tæpan áratug í Kína og þekkir vel til lands og þjóðar.

”Ljóst er að mikill áhugi er fyrir útgáfunni í Kína. Þar er auðvitað um gríðarlega stóran markað að ræða og miklir möguleikar sem þar fyrirfinnst. Þá er samstarfið við kínverskar fréttaveitur spennandi og býður upp á ótrúleg tækifæri.

Ragnar Finnbogason

Vefútgáfa Icelandic Times vinsæl

Næsta útgáfa Icelandic Times á kínversku verður prentuð í Kína og eingöngu dreift þar í landi, m.a. til ferðaskrifstofa, á ferða- og viðskiptaráðstefnum og til fjölda aðila innan kínverska viðskiptalífsins. Tímaritinu verður einnig dreift til kínverskra fyrirtækja í orkuíðnaði, á verkfræðistofur auk þess sem það fer á iðnaðartengdar ráðstefnur.

Samhliða prentútgáfunni var kínversk útgáfa vefmiðilsins jafnframt sett á lénid www.icelandictimes.cn. Kínverska vefútgáfan er nú þegar önnur mest sóttá vefsíða Icelandic Times á eftir þeirri ensku.

Markmiðið með útgáfunni er



Ragnheiður Elin Árnadóttir, ráðherra ferðamála og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í viðtali við kínversku fréttastofuna Xinhua News Agency.

að auka vitund Kínverja um Ísland og styrkja mynd landsins gagnavart ferðapjónustunni sem og viðskiptalífnum. Lögð er áhersla á viðskipti og nýsköpun í blaðinu til að liða enn frekar fyrir viðskiptum á milli þjóðanna í kjölfar nýlegs fríverslunarsamnings á milli þjóðanna. Samningurinn er fyrsti fríverslunarsamningurinn sem Kína gerir við Evrópuríki. Útgáfa Icelandic Times stuðlar að aukinni landkynningu á Íslandi og færir Íslenskum fyrirtækjum, bæði innan ferðapjónustugeirans sem og víðar í viðskiptalífnum, aukin tækifæri til að vekja athygli á sér og þeirri þjónustu sem þau hafa upp á að bjóða.

Mikill áhugi meðal Kínverja á Íslandi

Mikill áhugi er meðal Kínverja á Íslandi og norðurslóðum, að sögn Zhang Widong, kínverska sendiherrans á Íslandi.

Þess má geta að um helmings aukning var á komum kínverskra ferðamanna til Íslands á síðasta ári miðað við árið á undan og allt bendir til þess að ferðalögum Kínverja hingað til lands muni halda áfram að fjölga. Kínverskir fjárfestar hafa einnig sýnt Íslandi aukinn áhuga að undanförunu og virðist sá áhugi gagnkvæmur þar sem Íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli lagt út í markaðssetningu í Kína.

Í frétt Xinhua News Agency, þar sem fjallað var um útgáfu Icelandic Times, var rætt við Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra um vináttu Kína og Íslands og þá möguleika sem felast í samvinnu þjóðanna. „Kína er á margan hátt land framtíðarinnar. Land í vexti á mörgum sviðum. Kínverjar hafa sýnt Íslandi áhuga og við erum svo sannarlega áhugasöm um Kína. Allt sem eykur samvinnu milli landanna er af hinu góða,” segir Sigmundur Davíð í viðtalinu.

Þá er haft eftir Ragnheiði Elínu Árnadóttur, ráðherra ferðamála, að hún sé ánægð með fjölgun ferða-

manna frá Kína og hún vilji sjá þeim fjölga enn frekar. Íslensk ferðamálasamtök hafi staðið fyrir markaðskynningum í nokkrum borgum Kína. Þá sé Íslensk ferðapjónusta að búa sig undir mikla fjölgun ferðamanna með styrkingu innviða ferðapjónustunnar á Íslandi.

Íslensk matarhefð vekur athygli í Kína

„Það er alveg ljóst að hið góða samstarf á milli Icelandic Times og kínverskra fjölmiðla er af hinu góða fyrir Íslensk fyrirtæki og almenn- ing,” segir Ragnar. Hann bendir á að ýmislegt rati í brennidepli hið

yttra og nefnir sem dæmi að hið séríslenska Þorrablót hafi nýlega verið tekið til umfjöllunar á öllum miðlum Xinhua. „Við Íslendingar höfum mikið að bjóða hvort sem um ræðir menningu okkar, náttúru eða hugvit Íslenskra fyrirtækja. Það er alveg ljóst að við eigum fullt erindi í samvinnu við erlenda aðila innan landssteinanna sem utan,” bætir Ragnar við.

Einstakt tækifæri á stórum markaðssvæðum

Icelandic Times er með fjölda spennandi verkefna í farvatninu og meðal annars stendur til að gera fréttabætti um orkumál, ferðamál og menningu í samvinnu við kínversku fréttaveituna.

„Við getum þjónað mjög fjölbreyttum markaði með markaðs- og kynningarefni frá Íslandi á prentmiðlum, netmiðlum og í sjónvarpi. Við þjódum upp á vettvang fyrir Íslensk fyrirtæki til að kynna sig og þjónustu þeirra, í Kína og um allan heim. Þetta er í raun einstakt tækifæri á evrópskan mælikvarða.

Með því að bjóða upp á reglulegan fréttatöflun í nánu samstarfi við kínversku fréttaveiturnar erum við að ná áhorfi hundruða milljóna manna um allan heim. Það er varla hægt að hugsa sér sterkara markaðstæki á þessum stóru markaðssvæðum og það er um að gera fyrir Íslensk fyrirtæki og stofnanir að nýta sér það,” segir Ragnar enn fremur.

-RR



„Kína er á margan hátt land framtíðarinnar. Land í vexti á mörgum sviðum. Kínverjar hafa sýnt Íslandi áhuga og við erum svo sannarlega áhugasöm um Kína. Allt sem eykur samvinnu milli landanna er af hinu góða,” segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í viðtali við Xinhua News Agency.

„Verkefnastaða góð næstu tvö ár og verkefnin fjölbreytt“

Nokkur eftirspurn hefur verið hérlendis á undanförunum árum eftir túrbínun fyrir smávirkanir til raforkuframléiðslu meðal bænda og sumarbústaðaeigenda og jafnvel fleiri úti um allt land en **EIÐUR JÓNSSON** í Árteigi í Köldukúnni í Þingeyjarsýslu framléiðir í dag þrjár til fjórar túrbínur á ári.

Þannig eru margir bændur í nágrenni við Árteig búnir að kaupa smávirkun sem dugur til að sinna raforkuþörf búisins og bændur víðar um land hafa einnig fengið túrbínur frá Árteigi. Við erum með næg verkefni þetta ár og það næsta en auk þess sinnum við fjölbreytilegri viðgerðarþjónustu

Venjulegt býli notar allt að 20 KW

Eiður Jónsson segir að að algengasta stærðin séu virkanir sem framléiði um 20-50 KW. Þar er því um að ræða virkanir sem aðeins eru ætlaðar til einkanota. Hefðbundni sveitabýli, þ.e. íbúðarhúsi með fjárhúsum, fjósi og fleiri úti-húsum, þarf ekki nema 12-20 Kw af raforku. Stærri býli sem eru t.d. með 100 kýr í fjósi þurfa þó allt að helmingi meiri raforku þegar notkunin er mest. Afhendingarör-yggi frá heimavirkjun er einnig í



Eiður Jónsson á vélaverkstæðinu í Árteigi og fyrir framan hann hverfili í túrbínu sem er í smíðum. Með honum er bróðir hans, Arngrímur Páll, sem einnig starfar á vélaverkstæðinu.

flestum tilvikum meira ef óveður geisar, rafliður geta slitnað og fleira sem veldur rafmagnsleysi. „Það tekur allt að tveimur árum að koma upp smávirkun með öllu tilheyrandi, en það er mikilvægt að menn geri prófanir og mæli vatnsrennslíð í ánni eða læknum í 3-4 ár áður en virkjunin er sett upp,” segir Eiður. Hann segir að algengasti kostnaðurinn við að koma sér upp smávirkun sé á bilinu 5-10

milljónir króna þó vissulega geti hann orðið meiri en það fari eftir stærð virkjana og aðstæðum. Verð sjálfrar túrbíunnar er aðeins hluti þess verðs. Eiður segir að miðað sé við vetrarrensli þegar orkuframléiðslan sé reiknuð út, því vatnsflæði í flestum ám og lækjum landsins minnkar yfir veturinn. Á sumrin eykst flæðið en þá er bæði minni eftirspurn eftir orku auk þess sem orkuverðið lækkar. Því

er ekki um annað að ræða en að hleypa vatninu í gegn án þess að virkja það umfram það sem gert er yfir veturinn.

Túrbína til Kamtsjatka

Á vordögum fer túrbína frá Árteigi til Kamtsjatka í Rússlandi en hún á að framléiða rafmagn fyrir veiðihótel. Það er þó ekki fyrsti útflutningurinn á túrbínum, því fyrsti útflutningurinn var til Grænlands en einnig framléiða túrbínur frá Árteigi rafmagn í Færeyjum. Veiðihótelseigandinn í Kamtsjatka heimsótti verkstæðið í Árteigi á síðasta ári og í kjölfarið fór Eiður til Rússlands til að skoða aðstæður. Hvort frekari viðskipti verði við Rússa er ekki ákveðið.

„Við kaupum inn rafalana og aðrar rafmagnsvörur og fleira efni í túrbínum, aðallega frá Danmörku þar sem þeir eru settir saman, en annars eru þeir að mestu smíðaðir í Bretlandi. Þeir hafa reynt hentugar fyrir okkar framléiðslu hér í Árteigi,” segir Eiður.

Faðir þeirra Eids og Steingrims hóf smíði á túrbínum í Ártúni um 1930 og voru þær notaðar til að virkja þarjarklæina fyrir nágrennana í Köldukúnni og Aðaldal og síðan jókst þetta stig á stigi. Árið 1985 var fyrsta túrbínan seld til erlends kaupanda, en hún fór til

Nassasaq á suðurhluta Grænlands, og síðan fór önnur þangað 1987.

„Hingað komu Grænlandingar á vegum ráðunauts í sauðfjárrækt hjá Bændasamtökunum og þeim var kynnt hvað við erum að gera, og þeir fengu strax mikinn áhuga á að eiga við okkur viðskipti. Síðan erum við að selja túrbínu til Rússlands, hóteleigandinn kom hingað sem ferðamaður en hann notaði áður díselvélar til raforkuframléiðslu og sá strax að túrbína frá Íslandi væri mun hentugri til raforkuframléiðslunnar, og ódýrari, en hún nýtir rennslí frá á sem hefur um 96 metra fallhæð.

Við erum með næg verkefni þetta ár og það næsta en auk þess sinnum við fjölbreytilegri viðgerðarþjónustu fyrir bændur hér á svæðinu, bæði á túrbínum sem við höfum smíðað og bílum, dráttarvélum og ýmsum tækjum, sem bændur nota, en á síðasta ári var byggð við verkstæðið og það stækkað um 300 fermetra. Nú erum við að smíða túrbínu sem fer til kaupanda í Hörgárdal í Eyjafirði, en túrbínur frá okkur er að finna nánast um allt land. Hér í Árteigi er einnig framléitt rafmagn til eigin nota og einnig er selt inn á dreifikerfi Landsnets. Það er um 5 Mw,” segir Eiður Jónsson. -GG



Sófar að óskum hvers og eins

HÚSGAGNAVERSLUNIN PATTI er flutt á Bildshöfða 18 og þar er hægt að skoða mikið úrval sérsníðra sófa og sófasetta í um 500 fermetra, björtum sýningarsal. Verslunin er á götuhand þannig að aðgengi er gott og nóg er af bílastæðum.



Verslunin er staðsett í vinsælu iðnaðarhverfi á Bildshöfðunum.



Mikið úrval er af áklæðum.

úðar í því þriðja og mismunandi tegundir af örmum. Módelin geti því greyst fyrir utan að á þau eru sett mismunandi áklæði. „Ef viðskiptavinurinn er með séróskir og langar í sófasett sem við eigum ekki til eða kemur með hugmynd að ákveðnu útliti þá er það mjög spennandi fyrir mig að takast á við slíkt verkefni og uppfylla þær óskir. Oft koma mjög skemmtileg mól úr þá þannig verkefnum sem hafa jafnvel skilað okkur góðu gengi í gegnum árin og selst vel. Hugmyndir viðskiptavina hafa því mikil áhrif á vörubrún hjá okkur.“

Segja má að þegar kemur að hönnun getum við boðið öllum sófa við sitt hæfi, hvort sem þeir vilja sígilda sófa, mjúka sófa eða stílhreina sófa.

Gunnar Baldursson

vatni og tusku og þá nást nær öll óhreinindi úr. Það er einnig eitt slitsterkasta áklæði sem fáanlegt er í dag.“ Aqua Clean tæknin gerir það að verkum að jafnvel erfðustu blettir náist úr áklæðinu eins og eftir olíu, mjólk, tómatsósu, sinnep, léttvin, sósur, kaffi, te, líkjóra og meira að segja kúlupenna. „Þeim sem efast er velkomið að líta við í verslun okkar til að sannreyna þetta“ segir Gunnar og brosir.



Yfir 3000 gerðir af áklæði í sýningarsal verslunarinnar er rúmlegt svæði þar sem viðskiptavinir geta skoðað fjölbreytt úrval af þeim áklæðum sem í boði eru. Hægt er að velja úr meira en 3000 tegundum af tau- og leðuráklæðum. „Í hverri áklæðistegund er svo kannski hægt að velja á milli 20 og 30 lítafbrigða“ útskýrir Gunnar. „Við bjóðum upp á leður, tauáklæði og Aqua Clean áklæði sem er nýjung hjá okkur. Aqua Clean áklæðið er búið þeim eiginleika að hægt er að strjúka af því með

Framkvæmdastjóri og eigandi Patta er Gunnar Baldursson sem er húsgagnabólstrari að mennt. Hann hefur framleitt húsgögn í yfir 35 ár eða allar götur síðan hann lærði bólsturun. „Hingað kemur fólk til mín sem hefur t.d. keypt hér sófa fyrir tveimur eða þremur áratugum síðan og vill láta endurklæða hann. Það kann svo vel við hann og finnst gott að sitja í honum. Það er virkilega gaman þegar ég fæ tækifæri til að vinna í sófa sem ég bjó sjálfur til. Þá skýnjá ég líka hversu góð endingin hefur verið“ segir Gunnar.

að valdir séu fimm litir á einn og sama sófann, þ.e. einn litur á hverja setu“ segir Gunnar og hlær.

Sérsmíði býður upp á óþrjótandi möguleika Sófarnir hjá Patta eru að lang stærstum hluta framleiddir hjá fyrirtækinu og oftast eru þeir hannaðir og smíðaðir eftir máli og óskum viðskiptavinarins.

„Segja má að þegar kemur að hönnun getum við boðið öllum sófa við sitt hæfi, hvort sem þeir vilja sígilda sófa, mjúka sófa eða stílhreina sófa“ segir Gunnar. „Við framleiðum sófa eins og viðskiptavinirinn vilja hafa þá. Þeir velja módelið, áklæðið og litinn og svo koma stundum séróskir um breytta útfærslu eins og misháa fætur eða að þarf að breikka eða mjúka sófann. Svo er alls ekki óalengt að við smíðum sófa algjörlega inn í það rými sem hann á að vera í.“

Gunnar segir að módelin sem hann hanni gjörbreytt eftir því hvaða áklæði eru sett á þau sem og hvaða litir eru valdir. Ein vörulína geti t.d. verið útfærð þannig að úr verði um tíu mismunandi mól þar sem í einu er t.d. laus púði, fastur púði í öðru, koddap-



Gunnar situr hér í söluhæsta sófanum í versluninni sem einnig teiknaður af honum. Sófinn er vinsæll hjá leikskólum og öðrum opinberum stofnunum.

Alhliða lausnir fyrir matvælaframleiðendur

Fyrirtækið **ICEPACK** var stofnað árið 2011 og hefur frá upphafi sinnt viðtækri þjónustu við matvæla- og drykkjarframleiðendur. Fyrstu rekstrarárin var megin áhersla starfseminnar á umbúðalausnir en síðan hefur starfsemin þróast umtalsvert og eru þrjár meginstöðir fyrirtækisins í dag þjónusta og sala á rannsóknarvörum tengdum gæðaeftirliti, ráðgjöf og sala á umbúðalausnum og alhliða þjónusta við ísframleiðendur.

Méð auknum kröfum frá Matvælaeftirlitinu og innleiðingu staðla frá Evrópusambandinu hefur vitund um gæðaeftirlit í hver kyns matvælaframleiðslu stóruaust“ segir Einar Helgi Jónsson, framkvæmdastjóri og eigandi Icepack. Hann bendir jafnframt á að framleiðendur geti sparað stórfé með því að annast slíkt eftirlit sjálfir með notkun réttra tækja og prófa.

Þjónusta tengd gæðaeftirliti hefur vaxið fiskur um hrygg í starfsemi Icepack ekki síst þegar kemur að hreinlæti. Bættar hreinlætis- og gæðakröfur auka gæði framleiðslunnar og tryggja stöðuleika hennar.

„Við höfum einbeitt okkur að því að bjóða skilvirka og einfaldar lausnir þegar kemur að hreinlæti og bakterieftirliti. Hreinlæti dregur úr hættu á bakteríusmiti og er veigamikill þáttur við hvers



Einar Helgi Jónsson þar sem sjá með sýnishorn af nokkrum þeim umbúðum sem í boði eru hjá Icepack ehf.

kyns matvælaframleiðslu. Við bjóðum meðal annars vó kallaða ATP-mæla sem gefa tölfraeðilegar niðurstöður um hreinlæti. Þá kemur skýrt í ljós hvernig sápur og hreinsiefni virka í raun og hvort efnin séu notuð rétt“ segir Einar Helgi.

Í dag getur Icepack boðið flestum framleiðendum eftirlitsbúnað hvort sem um hefðbundna matvæla- eða drykkjarframleiðslu ræðir, sjávarútveg eða jafnvel fódúrframleiðslu og kornrækt.

Mismunandi er eftir framleiðslu hvaða búnaður hentar hverju sinni. Við bjóðum framleiðslu er til dæmis hægt að fylgjast með hvort alkohóláunum og bjórú fjölbreytt úrval glervara fyrir drykkjarvöru- og

matvælaíðnað, pappírsumbúðir, plast og allt þar á milli.

„Ráðgjafabútturinn sem tengist umbúðum er víðamikill hluti af starfsemi okkar þar sem viðskiptavinur er veitt aðstoð við að finna heppilega lausn á umbúðamálum. Hönnun sumra umbúða miðast við að hún þakkest vel, en umbúðarnar ráðast oftast að miklu leyti af vörinni sjálfri. Sumar vörur þola að vera í dýrari og fallegri umbúðum, sumar vörur seljast eftir útliti umbúðanna. Það er mikil samkeppni á þessum markaði en einnig mikil fjölbreytni.“ Einar Helgi bætir við að umbúðir geti haft gríðarlega mikið að segja um gengi nýrra vara á markaði og því sé mikilvægt að umbúðamáli séu vel ígrunduð.

„Við fylgjumst mjög vel með því sem er að gerast í kringum okkur og reynum að vera frjóir og kynna fyrir framleiðendum nýjungar í umbúðageiranum á hverjum tíma. Þegar umbúðir eru valdar þarf að huga að mörgu. Það skiptir t.d. máli hver líftími vörunnar er. Það þýðir ekki að minni áhersla sé lögð á umbúðir fyrir vöru sem hefur styttri líftíma, heldur þarf að tryggja að umbúðirnar stöðli að því að lengja líftíma slíkrar vöru sem mest. Sem dæmi má nefna að í ferskvöru þarf oft að gæta þess að lágmarka stúrfni í umbúðunum,“ segir Einar Helgi.



Perlunni, Ísbúðinni Paradís, Bada Bing og á KFC. Innan skamms geta farþegar í Leifstöð einnig gætt sér á ísnum. „Ítalskur ís eða „gelato“ er í mikilli sókn um þessar mundir og í nægu hefur verið að snúast fyrir okkur á þeim markaði,“ segir Einar og bætir við að hann sé afar stoltur af þeim þætti starfsemi Icepack. **-GG**

www.icepack.is

Nýjung á heimsmælikvarða

TRIPCREATOR er sprotafyrirtæki í ferðaþjónustu sem er ódóm að hasla sér völl við góðan orðstír. Fyrirtækið hefur hannað einstakan ferðasmíð á netinu þar sem ferðamenn geta fengið sérstaklega Íslandsferðir á nokkrum sekúndum. Fólk nýtir netið í slauknum máli til að skipuleggja ferðalög og TripCreator gerir því kleift að nálgast allar nauðsynlegar upplýsingar á einum stað, setja saman draumferðina og ganga frá kaupum. TripCreator opnar nýjar gáttir milli ferðamanna og ferðaþjónustuaðila.



„Við erum nú þegar í samstarfi við fjölmarga ferðaþjónustuaðila um allt land þar sem við bjóða upp á ótrúlega spennandi hluti á ýmsum sviðum og við viljum auðvitað nýta kerfið okkar til að auglýsa alla þessa þjónustu.“

TripCreator er nýjung á heimsmælikvarða sem gjörbyltri því hvernig ferðamenn skipuleggja ferðalög sín. Lella Erlu-dóttir starfar hjá fyrirtækinu og að hennar sögn setur ferðasmíðunir saman heildarferð sem virkar í tíma og rúmi og er sniðin að óskum ferðamannsins. „Á örfáum sekúndum fær notandinn heildarplan fyrir ferð sem inniheldur bílaeigubíll, gistingu, ferðir og áhugaverða staði til að heimsækja. Kerfið reiknar út vegalengdir og áætlar tímalengd hvers hlutar í planinu. Við stærum okkur af því að vera með allar þær upplýsingar sem notandinn þarf til að skipuleggja ferð til Íslands og ferðasmíðunir, kerfið okkar, er einstakt.“



Lella Erlu-dóttir.



Reynsluboltar í ferðaþjónustu „Í framtíðinni byggjumst við byggja upp enn meira og betra samstarf við birgja og ferðaþjónustuaðila um allt land þar sem við vinna að sama markmiði; að fá fleiri ferðamenn til Íslands og sýna þeim hversu einstakt landið er og hversu mikið það hefur upp á að bjóða. Við viljum verða góður

Við stærum okkur af því að vera með allar þær upplýsingar sem notandinn þarf til að skipuleggja ferð til Íslands og ferðasmíðunir, kerfið okkar, er einstakt.

valkostur fyrir ferðamenn sem vilja ferðast um Ísland. Við höldum áfram að þróa ferðasmíðunir okkar og gera hann sífellt betri með því að læra af viðskiptavinum okkar. Í þróunardeildinni eru reynslu- miklir forritarar (þar af einn ólympískur meistari í forritun) og við erum líka með mikla reynslu- bolta sem hafa starfað á ýmsum sviðum íslenskrar ferðaþjónustu og búa yfir ríkri þekkingu á því sviði. Stjórnarformaður fyrirtækisins er Steinn Logi Björnsson sem starfaði í áratugi hjá Icelandair og var einn þeirra sem stofnaði Samtök ferðaþjónustunnar á Íslandi og er mikill áhugamaður um ferðaþjónustu hérlandis. Erna Hauksdóttir situr líka í stjórn fyrirtækisins, en hún var meðal annars framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar í mörg ár.

Aðrir starfsmenn eru sérfræðingar á sínum sviðum.“ **-HH**

www.tripcreator.is

Bylting í ferðaþjónustunni

Frumkvöðullinn á bak við **APPTAXI.CAB** er Jón Gunnar Hauksson, forritari og kerfisfræðingur. Hann starfaði hjá Advania í 6 ár en hefur starfað sjálfstætt síðustu 3 árin.

Jón Gunnar kynntist fyrst appi fyrir leigubíla í Asíu, en hann var búsetur í Taílandi í um 8 ár. Á þeim tíma komst hann í kynni við indverskt hugbúnaðar fyrirtæki, og hann hefur verið í nánu samstarfi við það síðan þá – eða í yfir 10 ár. Þetta fyrirtæki þróaði app fyrir eina stærstu leigubílastöð Indverja, en það kerfi hefur verið í notkun frá því 2013 og margsam- að ágæti sitt. Jón Gunnar keypti sig inn í fyrirtækið til þess að geta komið að áframhaldandi þróun og útbreiðslu kerfisins.

Öryggi og eftirspurn
Uber leigubílastöðin kom fyrst leigubílaöppum á kortið erlendis og sannaði að eftirspurnin er gríðarlega mikil. En AppTaxi.Cab er töluvert fjölbreyttara og betra kerfi. Það hefur t.d. aðeins aðila með starfsleyfi á skrá, á meðan Uber byggir á svartri starfsemi fólks sem starfar án leyfis og án eftirlits. AppTaxi.Cab kerfið hvetur auk þess kunnana til að gefa þjónustuaðilum einkunnir og umsagnir. Á heildina séð er gæða- eftirlitið því virkt og traust. Eftirspurnin erlendis hefur stigmagnast og ljóst er að hin tæknivædda íslenska þjóð muni verða jafn fljót að tileinka sér þessa nýju tækni. AppTaxi.Cab hentar auk þess allri ferðaþjónustu, ekki bara leigubíl- um. Fyrirtækið þjónar ferðamönnum jafn vel og Íslendingum því kerfið er aðgengilegt á ensku og íslensku og vinsældirnar munu þar með aukast hratt og örugglega.

Hentar allri ferðaþjónustu
AppTaxi.Cab er þriðji aðilinn, sem sameinar alla ferðaþjónustuna á einum vettvangi, en ekki þjónustan sjálf. Atvinnublístjórar um allt land og af öllum toga geta verið með því AppTaxi.Cab hentar allri ferðaþjónustu jafn vel og leigubíl- unum. Ferðamenn geta pantað allt frá leigubílum og bílaleigubílum, til lúxusvagna, hópferðabíreiða og pakkaferða með leiðbeindum. Þannig munu ferðamenn nota sama appið til að panta leigubílinn á hótelið og pakkaferðina til að skoða Gullfoss og Geysi. Og ef einhverjum dettur skyndilega í hug að gaman væri að kíkja upp á Langjökul þá gefur AppTaxi.Cab appið upp þá valkosti sem eru í boði, og hvað slíki ferð myndi kosta. Ef viðkomandi er t.d. spennari fyrir sérsníðinni jappaferð en hóperð, þá bendir appið honum á þá sem geta veitt þá þjónustu, og eru lausir þá stundina eða eru „næstir í röðinni“. Segja má að þetta gefi smærri sjálfstæðum aðilum einstaka möguleika til að ná stærri markaðshlutdeild.

Auðvelt í notkun
Bílstjórar þurfa einungis litla spjaldtölvu í bflnum hjá sér til þess að starfa með AppTaxi.Cab. Kúnninn velur þá þjónustu sem hann óskar eftir og kerfið sér um restina. Ef ferðamaður vill, sem dæmi, taka leigubíl frá flugvell-



Jón Gunnar Hauksson, forritari og kerfisfræðingur.

Eftirspurnin erlendis hefur stigmagnast og ljóst er að hin tæknivædda íslenska þjóð muni verða jafn fljót að tileinka sér þessa nýju tækni. AppTaxi.Cab hentar auk þess allri ferðaþjónustu, ekki bara leigubílum.

sérstaklega, t.d. þeim sem koma með stóru ferðamannaskipunum. Þeir geta mjög auðveldlega áttað sig á vegalengdum og kostnaði og pantað alla þjónustu áður en komið er í land, þannig að allt stoppið er skipulagt fyrirfram. AppTaxi.Cab er því einstaklega hentugt fyrir bæði ferðaþjónustuna og ferðamennina.

Fyrirtækjalausnir
Bæði innlend og erlend fyrirtæki geta skráð sig í kerfið og verið í reikning. Hver starfmaður nýtir sér einfaldlega þá þjónustu sem hann þarf og borgar með appinu, sem sendir svo viðkomandi fyrirtæki reikninginn. Fyrirtækið hefur svo aðgang að nákvæmu yfirliti yfir allar ferðir og greiðslur á einum stað. Þetta einfaldar bókhaldið hjá starfsmanninum og fyrirtækinu og býður auk þess upp á ýmsa aðra hagræðingarmöguleika fyrir fyrirtækið.

Byltingin hefst í vor
AppTaxi.Cab er tímamótakerfi sem mun bylja ferðamannaíðnaðinum á Íslandi. AppTaxi.Cab er tilbúið fyrir Android og Iphone. Kerfið er í prófun við íslenskar aðstæður og stefnt er á almenna opnun 2. maí 2015. -SF

info@apptaxi.cab
http://apptaxi.cab
fb.com/apptaxicab



Lufthansa hefur flug til Íslands

Þýska flugfélagið **LUFTHANSA** kynnti fyrir skemmstu farþegaflug fjórum sinnum í viku til og frá Íslandi í gegn um Frankfurt og München, sem býður íslenskum ferðalögum upp á fjölda nýrra möguleika til að komast til framandi áfangastaða um allan heim.

Svæðisstjóri Lufthansa í Evrópu, Christian Schindler, segist sjá mikil tækifæri í flugi á Íslandi og að flugfélagið hugsi þjónustu við Ísland til lengri tíma lítið. „Við erum mjög spennt fyrir því að bjóða íslenskum viðskiptavinum okkar beint flug í gegn um stærstu tengiflugvelli okkar. Þeir ná til fjölda spennandi áfangastaða í þjónustuneti okkar, en Frankfurt og München flugið er tímasett þannig að viðskiptavinir okkar frá Íslandi geta með góðu móti náð áframhaldandi tengiflugi til áfangastaða í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Asíu.“ segir Christian.

Framandi áfangastaðir aðgengilegir
Með viðkomu á þessum tengiflugvöllum Lufthansa opnar íslenskum flugfarþegum dyr að 190 áfangastöðum í Evrópu og víðsvegar um heim, í alls 76 löndum, en sem dæmi um áfangastaði má nefna Tókýó, Hong Kong, Bangkok, Jakarta, Delhi, Rio de Janeiro, Buenos Aires, Sao Paulo, Bogota og Jóhannesborg. Þökk sé aðild Lufthansa að Star Alliance flugbandalaginu þarf aðeins að innrita farangur einu sinni við brottför. Frankfurt flugvöllurinn er fjögurra stjörnu flugvöllur og þjónar yfir 60 milljónum flugfarþega á ári. Flugið hefst 2. maí og lýkur 26. september. Frankfurtflugið verður á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum í Airbus A319 og

A320 vélum, en München flugið verður á sunnudögum. Christian bendir einnig á að allt langflug frá Frankfurt og München verði í nýjum vélum með öllum mögulegum aukabúnaði. **Nýjrir ferðamannastraumar**
Christian á von á því á sama tíma að nýjrir ferðamannastraumar til Íslands verði til, þar sem flugleiðirnar frá Frankfurt og München opni fyrir ferðalög til Íslands frá þeim áfangastöðum sem tengiflugvöllirnir þjóna og nefnir hann meðal annars að fjöldi ferðamanna frá Asíu, Miðausturlöndum og Eyjaálflu gæti þannig aukist. Áhuginn á Íslandi er mikill að sögn Christian, en í fyrstu stöð til að aðeins yrði flugið tvisvar í viku, en þau hafi öll verið upp- bókðuð fljótt og því hafi tveimur til viðbótar verið bætt við. „Við finnum virkilega fyrir því að Ísland er vinsæll áfangastaður um þessar mundir. Grófgert landslagið, hverirnir, heitu lónin og margt annað gera Ísland að einstökum áfangastað svo ekki sé n ú talað um frábæra matinn.“ segir Christian.

Óhræddur við samkeppni
Christian segist óhræddur við samkeppni á markaði og á von á að Lufthansa muni vaxa ört og geti aukid við flugið þegar á líður. Áætlanir séu um að lengja sumar- tímabilið í fyrstu og þegar til lengri tíma sé lítið verði möguleikinn á flugi allan ársins hring skoðaður. „Fólk mun alltaf vilja ferðast og til þess þarf það að hafa sanngjarna og áhugaverða valkosti. Við erum auðvitað í samkeppni við önnur flugfélög á öllum okkar flugleiðum



Við erum mjög spennt fyrir því að bjóða íslenskum viðskiptavinum okkar beint flug í gegn um stærstu tengiflugvelli okkar. Þeir ná til fjölda spennandi áfangastaða í þjónustuneti okkar.

Christian Schindler.



og erum því vön samkeppninni. Við bjóðum hins vegar upp á mjög samkeppnishæft verð og hágæða þjónustu sem segir sína sögu og erum við því viss um að íslenskir viðskiptavinir muni taka vel í þjónustu okkar.“ segir Christian.

Gæði og samkeppnishæft verð er eitthvað sem Christian segir Lufthansa leggja mikið upp úr og bendir á að fyrstu og ódýr- ustu sætin fram og til baka kosti aðeins rúmlega þrjátíu þúsund krónur og í þeim sé allt innifalið,

þar á meðal matur og farangurs- gjald. „Fólk sem hefur flugið með okkur veit að hverju það gengur og höfum við þannig mikla trú á þessari nýju þjónustu okkar við Íslendinga.“ segir Christian að lokum. -VAG



Oddi hefur í liðlega átta áratugi unnið með íslenskum fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerð að því að þróa umbúðir, sem svara þörfum kröfuharðra viðskiptavina um allan heim. Við framleiðum fjölbreyttar umbúðir úr kartoni, pappír og plasti. Umbúðirnar okkar vernda vörur við flutninga og geymslu, ásamt því að miðla mikilvægum upplýsingum til viðskiptavina.

Umbúðirnar tala sínu máli.

Oddi – umhverfsvottað fyrirtæki.
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.odd.is



Umbúðir og prentun

Stórt hagsmunamál fyrir íslenska ferðabjónustu

VAKINN er opinbert gæða- og umhverfikerfi fyrir ferðabjónustuna á Íslandi og er samstarfsverkefni Ferðamálastofu, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Ferðamálasamtaka Íslands og Samtaka ferðabjónustunnar.

Öll ferðabjónustufyrirtæki á Íslandi geta sótt um að vera þátttakendur en gæðakerfið skiptist í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða stjórnuflokkun fyrir gístaði – frá einni og upp í fimm stjórnur – innan sex undirflokka: hótél, gístaheimili, heimagisting, hostel, orlofshús og íbúðir og tjaldsvæði. Hins vegar er um að ræða flokk fyrir ferðabjónustu aðra en gístaði eins og t.d. afþreyingarfyrirtæki, bílaleigur, ferðaskrifstofur og fl. Fyrirtæki sem sækja um í VAKANUM hafa einnig val um að taka þátt í umhverfikerfi og fá brons, silfur eða gullmerki fyrir umhverfisstarf.

„Markmiðið með VAKANUM er fyrst og fremst að efla gæði, öryggi og umhverfisvitund í ferðabjónustunni með handleiðslu og stuðningi, ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðabjónustufyrirtækja í landinu,” segir Áslaug Briem, verkefnisstjóri gæðamála hjá Ferðamálastofu. „Það var greinin sjálf (ferðabjónustufyrirtæki á landinu) sem óskaði eftir einhverskonar gæðakerfi þannig að hægt væri að auðkenna þau fyrirtæki sem væru að gera sérstaklega vel.“

VAKINN er sérhannaður fyrir íslenska ferðabjónustuna en þess má geta að kerfið er byggt á nýsjálfenskrum fyrirmynd, Qualmark. Einnig hefur verið horft til annarra landa varðandi gæðakerfi og gæðauttektir en Áslaug bendir á að hvað öryggismálin varðar þá séu Íslendingar þó ákveðin frumkvöðlar.

Fyrirtækin sem óska eftir þátttöku í verkefninu þurfa að uppfylla tilteknar kröfur um gæði og öryggi bæði hvað varðar starfsfólk og viðskiptavini. Má þar nefna m.a. aðbúnað, hreinlæti, þjónustu við ferðamenn, stjórnun, hjálfun og menntun starfsfólks og samfélagslega þætti.

VAKANUM fylgja ýmis hjálpargögn sem þátttakendum er bent á að nýta sér eins og t.d. gerð margvíslegra áætlana, gátlistar og hverskyns fræðslugögn.



„Markmiðið með VAKANUM er fyrst og fremst að efla gæði, öryggi og umhverfisvitund í ferðabjónustunni með handleiðslu og stuðningi, ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðabjónustufyrirtækja í landinu.“

Ávinningurinn margvíslegur

Inleiðing VAKANS á m.a. að auka færni stjórnenda við fyrirtækjarekstur, bæta öryggi og velferð bæði gesta og starfsmanna og efla fagmennsku. Þá eiga fyrirtækin að geta bætt samkeppnisforskot sitt og þar með Íslands sem áfangastaðar.

Kannanir Ferðamálastofu sýna að 74% erlendra ferðamanna kjósa að eiga viðskipti við fyrirtæki með viðurkennda gæðaflokkun og þá skiptir gæða- og umhverfikerfi eins og VAKINN miklu máli.

Með þátttöku eykst fagmennskan og fyrirtækin eru líklegri til að uppfylla væntingar gesta.

„Ferðabjónustufyrirtæki hafa tekið VAKANUM vel, aðilar verða sífellt meðvitaðri um að gæði, öryggi og fagmennska skipta gríðarlega miklu máli í vaxandi samkeppni. Við finnum fyrir miklum meðbyr og auknum áhuga,” segir Áslaug.

„Grundvöllur kerfisins eru gæðaviðmið sem VAKINN byggir á og er mikilvægt að starfsmenn ferða-

þjónustufyrirtækja kynni sér þau vel áður en sótt er um þátttöku í VAKANUM. Það fer eftir því í hvers konar rekstri viðkomandi aðili er hvaða viðmið eiga við. Hægt er að nálgast öll gæðaviðmiðin á heimasíðunni www.vakinn.is

Ýmiss konar kynningar

Þegar fyrirtæki er orðið fullgildur þátttakandi í kerfinu birtist nafn þess á lista yfir þátttakendur á heimasíðu VAKANS auk þess sem fyrirtæki eru auðkennd á landkynningarsíðunni Visit Iceland. Þá birtast fréttir um ný fyrirtæki á vef VAKANS, Ferðamálastofu, SAF og víðar.

Mikilvægt er að fyrirtækin birti merki VAKANS á heimasíðu sinni og kynni fyrir viðskiptavinum sínum gæðaviðurkenninguna og hvað í henni felst.

Kynning á VAKANUM og fyrirtækjum sem eru þátttakendur er umtalsverð og má sem dæmi nefna auglýsingu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og auglýsingu í afþreyingarkerfinu um borð í vélum Icelandair. Þá eru auglýsingar og kynningar í ýmsum ferðablöðum og upplýsingablöðum á íslensku og ensku liggja frammi á upplýsingamiðstöðvum um land allt.

VAKINN tekur þátt í ferðakaupstefnum Vestnorden og Mid-Atlantic og kynnr þar þátttakendur og verkefnið. Þá hefur gæðakerfið verið kynnt fyrir erlendum ferðaskrifstofum.

Góð þátttaka í VAKANUM er stórt hagsmunamál fyrir íslenska ferðabjónustu, enda mikilvægt að kynna það sem víðast að stöðugt sé verið að vinna að því að auka gæði og öryggi þeirra sem ferðast um Ísland.

Með góðri þátttöku í VAKANUM ættu að nást gildi íslenskrar ferðabjónustu sem eru umhverfi, gæði, fagmennska, samvinna, heiðarleiki og hreinleiki. -SJ



Suðrænn matur og þægilegt andrúmsloft

Veitingastaðurinn **CARUSO** flutti nýlega í glæsilegt hús við Austurstræti 22 en veitingastaðurinn hefur verið starfræktur í Reykjavík í um tvo áratugi. Margir hafa heyrt um ítalska óperusöngvarann Enrico Caruso en nafn veitingastaðarinnar sýnir einmitt í þennan heimsfræga son Ítalíu sem söng margar ariurnar með sinni tæru rödd.

Þá eru hjónin José García og Þrúður Sjöfn Sigurðardóttir sem reka Caruso þar sem segja má að ítalski andinn ráði ríkjum hvort sem það tengist gömsættum réttunum eða tónlistinni sem leikin er.

Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á veitingastaðnum þar sem úrval gírnilegra rétta á matseðlinum er mikið en þess má geta að um er að ræða hádegis- seðil og aðalmatseðil þar sem m.a. er hægt að velja um þriggja rétta tilboð. Lögð er áhersla á gömsæta, suðræna rétti – allt frá súpum upp í steikur að ógleymdum pastaréttum og pitsum. Svo er þjónustan til fyrirmyndar.

Salurinn í nýju húskynnum er einstaklega fallegur og hlýlegur og má segja að þar blandist saman gamli íslenski tíminn og jafnvel sagan – í nýju húsi þó – og suðrænn stíll í innanstokksmunum, mat og drykk.

Allt að 40 manna hópar geta pantað sæti á Caruso og fá þeir 15-20% hópaflátt á þriggja rétta matseðlinum. Þá er í boði með matnum úrval vína frá ýmsum löndum.

Sú staðreynd að veitingastaðurinn hefur verið starfandi í um tvo áratugi sést á fjölda gesta en oft er fullbókað enda er Caruso á meðal elstu veitingastaða í miðborginni.

Lifandi tónlist um helgar
José García segir að gestir á öllum aldri eigi að geta átt nota- lega kvöldstund á Caruso. „Við reynum alltaf að setja svipaða hópa saman. Þeir sem vilja t.d. fá aðeins meira næði og eiga kannski rómantíska kvöldstund með maka sínum sitja í einum hluta veitinga- staðarinnar á meðan t.d. fjölskyldu- fólk situr á öðrum stað. Allir eiga að geta upplifað staðinn á sínum forsendum.“

Þess má geta að reglulega er boðið upp á lifandi tónlist á Caruso og oft mikil stemmning í húsinu; ekki síst þegar Símon Iv- arsson, hinn kunní, klassíski gítar- leikari, spilar fyrir matargesti á föstudags- og laugardagskvöldum. Þau kvöld ættu að vera ógleyman- leg: Suðrænn matur, suðræn tónlist og suðræn stemmning. Oft myndast sérstakt andrúms- loft á Caruso þegar Símon spilar (og gestir í salnum fara jafnvel að spjalla saman milli borða.)

Fastagestir
Gömsætur maturinn og frábær þjónustan á Caruso gerir það að verkum að fastagestir koma ár eftir ár. Þjónustan er persónuleg og er góður andi á meðal starfs- fólks enda hafa sumir starfsmenn- irnir unnið á veitingastaðnum frá



upphafi. José García leggur ein- mitt áherslu á góðan starfsanda. „Mér finnst skipta miklu máli að starfsfólki sé ánægð í sínu starfi. Þá verður allt miklu þægilegra og viðskiptavinirnir verða ánægðari.“ Sumir fastagestirnir hafa borðað reglulega á veitingastaðnum frá því hann var opnaður fyrir um tveimur áratugum. Sumir borðuðu í fyrsta skipti á Caruso þegar þeir voru börn og koma nú jafnvel með sín börn til að gæða sér á einhver- um af hinum fjölbreyttu, suðrænu réttum sem boðið er upp á.



„Mér finnst skipta miklu máli að starfsfólki sé ánægð í sínu starfi. Þá verður allt miklu þægilegra og viðskiptavinirnir verða ánægðari.“

José García



„Á hverjum einasta degi kemur einhver inn á veitingastaðinn sem við þekkjum eða höfum séð áður og það gildir bæði um Ís- lendinga og útlendinga. Sumir ferðamenn venja komur sínar til okkar jafnvel daglega á meðan á dvöl þeirra stendur. Þetta er það sem Caruso snýst um; hér er þægilegt andrúmsloft og góður matur sem fær fólk til þess að koma aftur og aftur. Það er mesta hrósið.“

-SJ

www.caruso.is



Ferðafélagshópur á Hróttfjallstindum, Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri FÍ fyrir miðjum hópi.

Lýðheilsu- og forvarnarverkefni Ferðafélags Íslands

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS var stofnað 1927 og hefur það markmið að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn á hálendinu og í óbyggðum og greiða götu ferðamanna á landinu. Þá gefur FÍ út bækur og kort og stendur fyrir fjölbreyttum ferðum um landið.



Langdalur. Hressir og kátir skálaverðir FÍ í Langadal í Þórsörk fyrir framan nýjan traktor félagsins í Langadal.

Félagið á 40 skála og undir merkjum þess starfa 15 deildir um allt land. Ferðafélagið er í eðli sínu íhalds- samt og rótgróið og heldur fast í gömul og góð gildi. Um leið hefur það þó þróast í takt við tímann. Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri FÍ, segir að félagið hafi í auknum mæli lagt áherslu á lýðheilsu og forvarnar- verkefni í starfi sínu.

Eitt fjall á viku, Eitt fjall á mánuði, Bakskóli FÍ og Biggest Winner
„Við höfum á undanförunum árum farið af stað með gönguverkefni, t.d. Eitt fjall á viku, Eitt fjall á mánuði, Bakskólann og Biggest Winner, þar sem við erum að bjóða upp á reglulegar ferðir, auk fræðslu um náttúru, sögu og ör- nefni, en ekki síður um búnað og öryggismál. Það er ánægjulegt að áhugi landsmanna á útivist, nátt- úru og gönguferðum er alltaf að aukast og sjáum við þess greini- lega merki í okkar starfi. Þá stofn- uðum við Ferðafélag barnanna fyrir nokkrum árum, sem sérhæfir sig í ferðum fyrir börn og fjöl- skyldur og hefur fengið afar góðar móttökur, og nú erum við með í undirbúningi stofnunar Ferðafélags unga fólksins, sem er hugsað

fyrir fólk á aldrinum 18 til 25 ára.“ segir Páll. Þá hefur félagið verið í fararbroddi í ferðamennsku og byggt upp skála, gönguleiðir, göngubrýr og staðið fyrir fræðslu. Markmið félagsins í dag eru þau sömu og í upphafi, að greiða götu ferðamanna, byggja upp aðstöðu og að standa fyrir ferðum, útgáfu og fræðslu. Stór þáttur í útgáfu- starfi félagsins er útgáfa Árbókar Ferðafélagsins sem hefur komið út ósliðið í 87 ár og er einstök ritróð um náttúru landsins.

Mikill fjöldi ferðamanna
Páll segir fjölda ferðamanna hafa aukist jafnt og þétt á Íslandi undanfarin ár en aldrei eins og árin 2012 til 2014. Nú sé einfald- lega sprenging í ferðamannafjölda á Íslandi, það eru bæði bókarnir hjá ferðaskrifstofum og fólki á eigin vegum. „Ísland er grænilega vinsæll staður að sækja heim og eins hefur ferðum landsmanna

innanlands fjölgað.“ segir Páll. „Við þurfum að hugsa til lengri tíma. Það þurfa allir sem koma að ferðamálu, hvort sem það eru sveitafélag eða hið opinbera, ferðaskrifstofur, ferðafélag eða landeigendur, að koma saman og ræða skynsamlegustu leiðina að settu marki.“ segir Páll. „Við verðum að hugsa um náttúruna og aðstöðuna sem við bjóðum upp á, og þurfum að vera viss um að ráða við þann fjölda ferðamanna sem um landið fer. Þar verða hags- munir náttúrunnar að vera efstir á blaði.“

Fullbókað á Laugaveginum
Fullbókað er í skála FÍ á Lauga- veginum yfir háannatímann. Ferðafélagið hefur í áratugi unnið við að byggja upp aðstöðu víða um land, ekki síst á göngu- leiðinni frá Landmannalaugum yfir í Þórsörk, á svokölluðum Laugavegi. Nú ganga 120 -140

mannsins og sama má sjá í fleiri rannsóknunum. Í dag koma 70.000 manns í Landmannalaugar yfir sumartímann. Félagið hefur í langan tíma óskað eftir fá að laga og þróa aðstöðuna þar og vonandi stendur það nú til bóta. „Aðstað- an eins og hún er í dag er ágæt verkfæri til að stýra umferðinni.“ segir hann. „Það komast bara ekki fleiri í skálapláss á Laugaveginum miðað við aðstöðu og nú er gott tækifæri til að beina fólki annað.“ Páll segir að það sé mjög margar aðrar skálaleiðir sem skemmtilegt sé að ganga og þangað þurfi ein- faldlega að beina ferðamönnum. Þeir verði ekki sviknar af þeim leiðum og Páll nefnir sem dæmi Lónsöræfi, Víknaslóðir, Óskju- veginn og Strútsstíg en á öllum þessum gönguleiðum er ágæt skálalaustaða.

Vakinn, umhverfis- og gæðastjórnunarkerfi
FÍ hefur undanfarin ár unnið að því að innleiða Vakann, sem er umhverfis- og gæðastjórnun- kerfi sem Ferðamálastofa býður upp á, og Páll segir að sé alveg frábært framtak. „Þetta er mjög rauhæft kerfi fyrir félög eins og okkur að innleiða.“ segir hann. „Við höfum til dæmis unnið að því að gera ábættumat fyrir allar okkar gönguleiðir. Við ætlum síð- an að bjóða öllum í ferðþjónust- unni að nýta þessa vinnu okkar. Skálareksturinn á gönguleiðun- um þarf að vera eins sjálfber og mögulegt er með umhverfisvæn- um aðferðum, t.d. með sólarcell- um sem við notum í nánast öllum skálum.“

Sveitasælan á veitingastaðnum Gamla Fjósínu

Við rætur Eyjafjalla, aðeins 130 kílómetra frá Reykjavík, má finna nýlegan og spennandi veitingastað sem nefndur er **GAMLA FJÓSIÐ**.

Ekið er eftir þjóðvegi eitt og framhjá Hvolsvelli um 25 kílómetra leið þar til rennt er í hlaðið á bóndabænum að Hvassafelli. Samhent fjölskylda rekur veitingastaðinn – sem er einnig kaffihús og bar – auk þess að sjá um kúabúskapinn. Þetta er tilvalinn áningarstaður á leið um suðurlandið allt árið um kring, í einstaklega fallegu og hlýlegu umhverfi.



úr sveitinni. Einnig er heimabakað brauð og heimagerðar sultur á boðstólum, ásamt ýmsu öðru góðgæti. Á matseðlinum eru steikur og hamborgarar, gúllasúpa, humar, fiskur, og grænmetisréttir. Eldfjallasúpan er einn vinsælasti rétturinn á matseðlinum, en það er nautakjötsúpa með heimabökuðu brauði úr byggi frá Þorvaldseyri. Ekki má gleyma kaffinu, kökunum, og hinum ýmsu eftirréttum, svo sem heimatilbúnaðinum frá Suður-Fossi í Vík í Mýrdal. Að sjálfsgöðu er einnig bjór og vín í boði á hóllegu verði.

Ein stór fjölskylda
Gamla Fjósíð er byggt á raunverulegu fjósi, sem var í notkun þar til árið 1999, og var í kjölfarið smekklega endurbýtt til að hýsa veitingastaðinn, sem opnaður var 12. ágúst 2011. Eigendurnir eru Heiða Björg Scheving og Páll Magnús Pálsson, en Hollenskur kokkur sér um eldhúsið, og gill fjölskylda hans hjálpar til við að sjá um reksturinn.

Metnaður
Aðalsmerki staðarins er fyrsta flokks ferskt hráefni: Nautakjöt frá bænum sjálfum og göðum nágrönnum, ásamt grænmeti og fisk

Opíð allt árið
Gamla Fjósíð er nú opíð allt árið um kring og getur auðveldlega tekið á móti stórum hópum þar sem aðal salurinn rúmar allt að 60 manns. Barnamatseðillinn býður m.a. upp á gamla góða



grjónagraitinn og lifrapylsu. Við valin tækifæri eru ýmis þema í boði og jafnvel lifandi tónlist. Þegar veður leyfir er tilvalið að sitja úti á palli og njóta náttúruferurðarinnar. Starfsfólkið þekkir sveitina vel og leiðbeinir þeim sem hafa áhuga á því að skoða hana betur og finna spennandi staði í nágrenninu. **-SJ**

Hvassafelli • 861 Hvolsvelli (dreifbýli),
+354 487 7788, gamlafjosid@gamlafjosid.is, www.gamlafjosid.is

Umkringtt stórkostlegri náttúru

GISTIHEIMILIÐ KAST Í STAÐARSVEIT er staðsett í landi Lýsúdals í Staðarsveit, Snæfellsbæ. Gistiheimilið var opnað árið 2011 og hefur lengst af boðið upp á 16 uppabúin tveggja manna herbergi. Gengið er inn í stærra herbergin utan frá og eru þau með sér baðherbergi með sturtu en hvað minni herbergin varðar nýta tvö sama baðherbergið auk þess sem tvö eru með sameiginlegan inngang. Öll herbergin eru þó rúmgóð og hefur verið hægt að bæta við aukarúmum ef þarf.

Vegna góðrar aðsóknar frá upphafi var heilu húsi bætt við í vetur. Í því eru 11 herbergi: sjö eru tveggja manna, tvö þriggja manna og tvö fjölskylduherbergi fyrir fjóra. Sér baðherbergi er í öllum herbergjum.

Glæsilegur veitingasalur er á gistiheimilinu sem rúmar um 60 manns og er boðið upp á veitingar frá morgni til kvölds.

„Við erum með allt heima-bakað og fjölbreyttan matseðil í hádeginu og á kvöldin,“ segir Lydia Fannberg Gunnarsdóttir, eigandi staðarins. Lögð er áhersla á hráefni úr héraði. Þá er hægt að panta nesti til að hafa með sér.

Synt í ölkelduvatni
Gistiheimilið Kast er umkringtt stórkostlegri náttúru við rætur hins fallega Lýsúskaðs. Þeir sem kjósa geta sofði í tjaldi á tjaldstæðinu við gistiheimilið sem kallast Á Eyrunum. Þar eru salerni og sturtur auk kolagrills og rafmagnstengingar fyrir húsbíla og fellihýsi.

Lýsuhólslaug er rétt við gisti-



heimilið. „Það er mjög heilsusamtlegt að fara þar í sund,“ segir Lydia en heitt ölkelduvatn er í lauginni sem er mjög stein-efnaríkt og talið vera hollt og græðandi. Engum klór er blandað í vatnið.

„Þá er hægt að fara upp í fjallið fyrir ofan og drekka ölkelduvatnið sem þar er að finna.“

Seld eru veiðileyfi í vatnasvæði Lýsu, en þangað er tveggja mínútna akstur, þar sem hægt er að veiða lax, silung og sjóbirting.

Hestaleiga er á staðnum og er boðið upp á eins til þriggja klukkustunda langar hestaferðir og er leiðsögumaður alltaf með í för.

Stutt er í fallegar gönguleiðir frá gistiheimilinu. „Það er t.d. fínt að ganga yfir í Grundarfjörð sem og upp á fjöll og niður við strönd.“

Snæfellsnessþjóðgarður er í næsta nágrenni þar sem ferðamaðurinn getur skoðað heillandi náttúru og minjar. **-SJ**

Ein af stærstu manngerðu ísgöngum í heiminum

Um 550 metra löng ísgöng í vestanverðum Langjökli verða opnuð ferðamönnum í sumar. Þar verða aðskilin rými svo sem um 70 fermetra rými með bekkjum sem hægt verður að nota sem kapellu þar sem fólk getur látið gifta sig. Lýsingin í göngunum verður heill kapituli út af fyrir sig.

Isgöng ehf. (e. Ice Cave Iceland) hefur séð um að grafa út göngin en fyrirtækið er í eigu Iceland Tourism Fund sem er svo í eigu Icelandair Group, Landsbankans og nokkurra líffeyrisjóða. Sigurður Skarphéðinsson, framkvæmdastjóri Ísganganna, segir að gert sé ráð fyrir að ferðafjórðingunum tæki geti markaðssett ferðir í göngin í formi dagsferða frá Reykjavík. Þá munu margir kaupa ferð frá jökulrónd þar sem farið verður á átta hjóla trukkum, sem búið er að breyta til að hægt sé að ferðast á þeim á jökli.

„Ekið verður upp að innganginum inn í göngin sem verða mest á um 30 metra dýpi. Farið verður á tveimur stöðum í gegnum náttúrulegar sprungur sem er merkið að skoða,“ segir Sigurður. Leiðsögumenn munu leiða hvern hóp og fræða m.a. um jöklafræði og áhrif loftslagsbreytinga á bráðnum jökla.



„Sérhópar geta leigt ísgöngin og þá verður hægt að fara með veitingar og vera með mat eða haldið fundi í einu af rýmum. Svo er búið að útbúa einn helli sem er eins og gamall torfbær eða kapella í laginu og þar munu þó geta látið gifta sig.“
Lofthæðin verður mest fjórir til fimm metrar. Broddar verða fyrir þá sem þess óska.

Listamenn og hönnuðir
Nokkrir hellar eru útbúnir inni í göngunum. Þá verður lýsingin í göngunum heill kapituli út af fyrir sig en um verður að ræða



LED-lýsingu sem að megninu til er staðsett inni í veggjunum svo upplifunin verður mjög sterk. „Við leggjum áherslu á upplifunina. Við erum að vinna með listamönnum og hönnuðum hvað

varðar lýsinguna, við verðum með fróðleik og notum hljóð og myndir og svo mun fólk skoða bláa ísinn sem er í mesta dýpinu. Þar er massífur ís. Þetta verður draumaheimur.“ **-SJ**

Fyrir fólk á öllum aldri
Sigurður segir að búið sé við 20-30.000 gestum á ári. Flestir munu væntanlega koma á aðalferðamannafimabílinu sem er frá mars til október. „Við erum það vel búin tækjum að við getum verið með opnunartíma fyrir minni hópá allt árið.“
Sigurður segir að hann hafi aðallega fengið góð viðbrögð varðandi íshellinn. „Fólki finnst þetta vera spennandi. Þetta er allt öðruvísi og skemmtileg viðbót og verða ísgöngin aðgengileg fyrir alla. Fjölskyldur og fólk á öllum aldri á að geta farið þarna inn.“

Áhersta lögð á öryggi
Mikil áhersla verður lögð á öryggi inni í ísgöngunum. „Jarðvísindamenn hafa gefið grænt ljós og erum við m.a. í samstarfi við Ara Trausta Guðmundsson jarðvísindamann, Háskóla Íslands og Jökularannsóknafélagið hvað varðar áhættumat. Náttúrulegir íshellar, sem eru yfirleitt stórir og óreglulegir, eru hættulegir en íshellirinn er byggður á allt annan hátt og það á ekki að brotna úr honum þótt minni jarðskjálfti verði.“

Hægt er að komast úr úr ísgöngunum á tveimur stöðum. Starfsmenn athuga daglega hreyfingar jökulsins. **-SJ**

Ævintýrlegt umhverfi

Það er margt hægt að skoða og upplifa í **VESTURBYGGÐ** og má þar nefna Látrabjarg, Rauðasand, Dynjanda og Selárdal í Arnarfirði.

Látrabjarg státar af elstu jarðlögum á landinu og þar er vestasti tangi landsins, Bjargtangar. Látrabjarg er hvað þekktast sem fuglabjarg og þar er að finna stærstu alkubbyggð í heimi en þarna verpa um tíu sjöfuglategundir. Nefna má langvíu, stuttnefu, ritu og fyl. Fuglalíf er frábær uppspretta fyrir ljósmyndara. Þess má geta að lundinn er í bjarginu yfir hásumarið en fer yfirleitt um miðjan júlí.

Fara þarf varlega á brúnum Látrabjargs og má þar sérstaklega nefna lundaholurnar sem geta verið varasamar. Lundinn grefur holur inn í jarðveginn sem er á brúnum bjargins og geta þær verið hálfur metri að lengd. Yfir þessum holum er síðan jafnvel einungis nokkurra sentimetra lag af mold og grasi sem sést ekki þegar gengið er fram á brúnina. Þess vegna gæti fólk óvart stigið ofan í holu rétt hjá brúninni þar sem einungis sést gras á yfirborðinu.

Rauðisandur liggur frá Skorarlíðum út að Látrabjargi. Ekið er niður brattan og mjón fjallveg til að komast að sandinum og þegar niður á undirlendið er komið blasa við brattar hliðar og háir



fjallhamrar og rauður sandurinn sem teygir sig í átt til sjávar. Um er að ræða rauðgulan skeljasand sem gerir umhverfið ævintýrlegt. Á svæðinu er rekið fallett kaffihús yfir hásumarið. Hægt er að ganga að eyðibýlinu Sjóundá með leiðsögumanni.

Í Arnarfirði eru há fjöll, djúpir dalir, fallegar ár og grasið teygir víða úr sér.

Mesti foss Vestfjarða, Dynjandi, er fyrir botni Arnarfjarða og er fossinn og umhverfið í kring friðlýst sem náttúruvætti. Þarna er hægt að njóta umhverfisins með myndavél eður ei en um 100 metra há fossinn er tilvalinn til myndatöku vetur, sumar, vor og haust.

Selárdalur í Arnarfirði er líka tilvalinn staður til að heimsækja. Þar er bær Gísla á Uppsólum sem er verið að gera upp og einnig



Brautarholt þar sem listamaðurinn Samúel Jónsson bjó. Byggingar hans og höggmyndir setja sterkan svip á svæðið. Samúel var listamaður frá náttúrunnar hendi og þarna er náttúran eins og listasafn. **-SJ**



Gamla Kaupfélagið, Akranesi

Akranes er fyrst og fremst gamalgróid, fallett, og þjóðlegt bæjarfélag. En það hefur einnig öðlast ný og góð fjölbjóðleg blæbrigði sem hafa gefið þessu gamla bæjarfélagi nýtt og spennandi líf. Akranesbær hefur vaxið mikið og dafnað síðustu ár, og er í dag vinsæll ferðamannastaður á sumrin. Veitingastaðurinn **GAMLA KAUPFÉLAGIÐ** er staðsettur í miðjum gamla bænum og helstu gæstistaðir bæjarins eru því í göngufæri.

Þetta er tilvalinn áningarstaður fyrir þá sem vilja fjölbreyttan og góðan mat á vægu verði, ásamt topp þjónustu í hlýlegu umhverfi. Segja má að Gamla Kaupfélagið endurspegli fullkomlega þetta litla bæjarfélag eins og það er í dag.

Fjölbreyttur matseðill

Gamla Kaupfélagið býður upp á sérstakan matseðil fyrir ungu kynslóðina, og svo ótrúlega fjölbreyttu fyrir hina eldri. Ljúf-fengu eldbökuðu pizzurnar eru vinsælar, og hið hefðbunda úrval af samlokum og hamborgurum er alltaf pottþétt. En ýmislegt fleira góðgæti er á boðstólnum – allt frá gómsætum grænmetisréttum til grillaðrar nautalundar. Helst ber að nefna gott úrval af súpum og salötum, mexíkanska rétti svo sem taco, quesadilla, og burrito, og loks má ekki gleyma pastanu



og indversku réttunum. Ýmsir smáréttir og eftirréttir eru einnig í boði, fyrir utan hið góða úrval af drykkjarföngum.

Gæða matur og þjónusta

Gamla Kaupfélagið er ekki aðeins þekkt fyrir frábæran matseðil og hlýlega afgreiðslu. Staðurinn er vel til þess fallinn að taka á móti stórum hópum því plássíð og hóp-matseðillinn eru til staðar, ásamt frábæru starfsfólki sem kann til verka. Veislubjónusta er einnig í boði og því upplagt að láta staðinn



sjá um þorrablótið, árshátíðina, og afmælið. Þetta er sannkölluð úrvalsþjónusta á mjög högveru verði.

Bar um helgar

Gamla Kaupfélagið breytist í líflegan og notalegan bar eftir lokun eldhússins um helgar. Þá skapast oft skemmtilegar umræður þar sem heimamenn skiptast á mismunandi sönnum sögum við íslenska og erlenda ferðamenn. Sveitarómantíkin ræður ríkjum og ferðamenn fá að kynnast hinna margrómuðu gestrinni sem þetta litla bæjarfélag er þekkt fyrir. Starfsmenn Gamla Kaupfélagsins leggja metnað sinn í að viðhalda þessu yndislega andrúmslofti og þjónustan endurspeglar þennan metnað. Allir eru velkomnir. **-SF**

Ævintýraland fyrir ferðamanninn

GRÆNLAND er ævintýri líkast með sína ósnortnu náttúru, litskrúðugu þorp og forvitnilegu menningu, siglingar, gönguferðir, siglingsveiði, hreindýraveiði... Pétur Ásgeirsson, aðalræðismaður Íslands í Nuuk, segir að margir áliti að stórukaunni ferðamannastraumur til Íslands á undanföllum árum skapi veruleg tækifæri fyrir Grænland. Hann segir jafnframt að loftslagsbreytingar kunni að hafa bæði neikvæð og jákvæð áhrif á Grænland og Grænlandi.

Grænland er okkar næsti nágranni og ég held að Íslendingar séu almennt forvitnir um bæði land og þjóð. Sennilega heillar náttúran mest og gera má ráð fyrir að erindi flestra Íslendinga, sé að stunda útivist, göngur og veiðar ásamt því að skoða hina stórfenglegu náttúru. Flestir ferðamenn frá Íslandi koma um þessar mundir til Íllulissat til að skoða ísfjörðinn og margir fljúga til Narsarsuaq til að skoða ágíffagra náttúru Suður-Grænlands, til að veiða silung eða jafnvel hreindýr. Svo eru í boði göngu- og útivistarferðir, jafnvel þvert yfir Grænlandsjökul frá austri til vesturs.

Tækifæri fyrir Grænland

Pétur segir að flestir álitsgjafar um ferðamál telji að stórukaunni ferðamannastraumur til Íslands á undanföllum árum skapi veruleg tækifæri fyrir Grænland. „Íslenskir flugvellir gegna mikilvægu hlutverki varðandi samgöngur gagnvart Grænlandi og gæti jafnvel stefnt í að Ísland verði meginmiðstöð flugs til Grænlands í framtíðinni.“ Flugfélag Íslands flýgur allt árið til Nuuk, Kulusuk og Ittoqqortoormiit og yfir sumarmánuðina einnig til Íllulissat og Narsarsuaq. Air Greenland flýgur frá Nuuk til Keflavíkur frá vori og fram á haust.

Ferðast með strandferðaskipi

Einn möguleikinn er að ferðast með strandferðaskipinu Sarfaq Ittuk sem siglir fram og til baka milli Íllulissat við Diskóflóa í norðri og Qaqortoq sem er á Suður-Grænlandi. „Ferðin tekur um þrjá og hálfan dag hvora leið og þegar sight er frá Íllulissat er stoppað í níu þæjum á leiðinni til Qaqortoq. Þessi ferðamáti gæti hentað þeim ferðamönnum ágætlega sem koma til Grænlands frá Íslandi því Flugfélag Íslands býður stóran hluta ársins uppá flug til og frá Íllulissat og Narsarsuaq, ekki langt frá Qaqortoq, sem er síðasta höfn skipsins í suðri.“

Olía, gas og námuvinnsla

Pétur segir að sér finnist svolítið annar bragur á umfjöllun um norðurlöðir á Grænlandi en á Íslandi. „Norðurlöðir eru ef til vill hversdagslegri fyrir Grænlandi. Þeir eru mjög stoltir af landinu sínu og fyllilega meðvitáðir um stórkostlega náttúru þess. Þeir eru ekkert feimnir við að nýta gæði landsins sér til framfæris. Þeir eru miklir



Pétur Ásgeirsson, aðalræðismaður Íslands í Nuuk. MYND: ASGER PÉTURSSON

náttúruverndarmenn og nýta náttúruauðlindir með ábyrgum hætti og hafa afar strangar reglur um mengun og umgengni við náttúruna.“

Pétur segir að breytingar í tengslum við hlýnun jarðar hafi þvippætt áhrif á opinbera umræðu á Grænlandi.

„Menn hafa annars vegar áhyggjur af neikvæðum áhrifum á dýralíf og náttúru, t.d. ísbirni, seli, hvali og fiskveiðar. Veiðimenn Norður-Grænlands eru meðvitáðir um breytingar í náttúrunni og hafa áhyggjur af þeim. Hlýnun jarðar hefur áhrif á dýralíf og veiðar og menn óttast að með breyttum að-

stæðum verði síður grundvöllur fyrir búsetu í nyrstu byggðunum.

Menn horfa hins vegar til þeirra tækifæra sem bráðnun Grænlandsjökuls kann að skapa. Það má ekki gleyma að Grænlandingar standa frammi fyrir því að þurfa á næstu árum að afla samfélaginu verulega aukinnar tekna til að standa undir þeim lífskjörum sem þeir búa við í dag. Menn vonast til að með bráðnun íshellunnar nyrst við Grænland aukist möguleikar til olíu- og gasvinnslu og með bráðnun jökulsins skapist nýir og bættrir möguleikar til námuvinnslu og flutninga.“ **-SJ**

Hvað er heilsu-meðferð Jónínu Ben?

JÓNÍNA BEN KYNNIR Heilsu-meðferð Jónínu Ben hefur verið starfrækt í rúman áratug. Meðferðin er einstaklingsmiðuð og hefur skilað fólki mun betri heilsu á skömnum tíma. Hér greinir hún frá því hvernig meðferðin fer fram.

Heilsu-meðferðin sem ég kenni og fólk fer eftir hefur verið þróuð og notuð af pólsku læknum dr. Ewa Dabrowska og dr. Agnesku Lemanskie,“ segir Jónína en lækarnir í Póllandi hafa áratuga reynslu af hreinsandi lækisfræðilegum föstum. „Á föstunni eru virkjuð ýmiss konar viðbrögð, sem ætlað er að eyða uppsöfnuðum úrgangi og koma á jafnvægi og heilbrigði í líkamanum á ný. Ef aldrei er fastað missir líkaminn hæfileikann til að hreinsa sig sjálfur,“ segir Jónína.

Hún segir þessa meðferð hafa skilað einstaklega góðum árangri en hún miðar að því að virkja sjálfslækningarkerfi líkamans með föstu. Með föstunni skapast aðstæður þannig að líkaminn lækni sig sjálfur og vinnir bug á ýmsum kvillum sem séu fyrir hendi. „Erfitt er að detoxa án hvíldar því stress dregur úr virkni.“ áréttar Jónína og því er mikilvægt að fasta í rölegu umhverfi á borð við það sem boðið er uppá í Póllandi.

MEDFERÐIR Í PÓLLANDI

14.-28. mars – UPPSELT
27. mars – 10. apríl
24. maí – 7. júní
15.-29. júlí
6.-20. september

Hveragerði 11.-25. apríl, nóvember, janúar og febrúar 2016

Flugjói er til Gdansk og leigubíll nær í fólk á flugvöllinn.
Boðið er upp á kynnistærðir og verzlunartærðir á góðu verði.
Gaman er að dvelja í Gdansk í nokkra daga eftir eða fyrir heilsufrið.

HÉR ER DÆMI UM HVERNIG HEILSUMEDFERÐIN FER FRAM: Dagskráin byggir fyrst og fremst á áður nefndri föstu þar sem ákveðna mataræði er fylgt sem byggir að mestu á lífrænt ræktuðum grænmeti og ávöxtum. Innifalið í verðinu er gisting, fæðið, fræðslan, slökunartímar og bólguvæðandi meðferðir.



FYRSTU DAGARNIR

Erfiðasta tímabil grænmetis- og ávaxtaföstu eru fyrstu dagarnir, á meðan efnaskiptaferlið er að breytast. Fólk getur fundið fyrir orkuleysi, og jafnvel höfuðverk. Þessi einkenni hverfa eftir 2-3 daga. Fyrstu merki um betri líðan er betri svefn, gott skap og meiri orka til athafna. Áreynslu-

þol eykst og liðverkir minnka, húðblettir minnka, bólgur hverfa, einkenni sykursýki og hjartasjúkdóma minnka. Mikið þyngdartap á hálfum mánuði.

BÓKANIR

Hægt er að bóka með því að senda póst á joninaben@joninaben.is eða hringja í síma 8224844.

JÓNÍNA BEN íþróttaræðingur.

Ævintýri í myndum

Ljósmyndir Ásgeirs Péturssonar eru listaverk. Hann býr til ævintýri bæði í lit og svarthvítu hvort sem það er náttúran, bæjar eða myndir af fólki. Ásgeir býr á Grænlandi, þar sem náttúran er einstök. Fjöll og firðir, hafði, emir og ísjakar... eða Grænlandsjökull í öllu sínu velði. Ásgeir er að vinna að ljósmyndabók með myndum frá Grænlandi og stefnir að því að bókinn komi út í haust.



„Ég er hrifinn af frekar stílhreinum og listrænum myndum.“

Hann er rúmlega tvítugur og taskan með myndavélinni yfirleitt með í för.

Hann eignaðist sína fyrstu myndavél 12 ára og ljósmyndun hefur síðan verið áhugmál.

Á undanföllum árum hefur Ásgeir haft mikinn áhuga á hönnun og listum, hefur þælt mikið í húsgagnahönnun og arkitektúr og verið duglegur að sækja listasöfn.

Hann flutti til Grænlands fyrir rúmu ári og hann var ekki búinn að vera þar nema í nokkra daga þegar hann gerði sér grein fyrir að hann yrði að eignast almennilega myndavél. Slík var náttúruferðin og áhugavert myndefni hvert sem litíð er. Hann pantaði myndavél og í þær þær tvær vikur sem það tók að fá hana senda til Grænlands hellti hann sér í að kynna sér allt um ljósmyndun á netinu. Boltinn var byrjaður að rúlla og hann hefur ekki stoppað.

Einstök upplifun og tilfinning

Fjöll og firðir, hafði, emir og ísjakar... eða Grænlandsjökull í öllu sínu velði. „Landslagið á Grænlandi er frekar harðkeytt; þar eru há og mikil fjöll, djúpir firðir. Landið er gríðarlega stórt. Landslagið er alveg ótrúlegt. Það fylgir því einstök upplifun og tilfinning að vera á Grænlandi.“

Óg hann tekur myndir. „Það eru náttúrulega margir hlutir sem þurfa að koma saman til að gera góða mynd.“

Lýsingin þarf að vera góð, það þarf að vera eitthvað athyglisvert á myndinni og svo þarf maður auðvitað að vera með tæknilegu atriðið á hreinu. Myndavélin hefur ekki hugmynd um hvað ljósmyndarinn vill fá út úr myndinni svo að sjálf sögu getur maður ekki notað „auto“ stillinguna.


Þegar ég byrjaði að taka myndir á Grænlandi átti ég bara 50 mm linsu og þótt ég hafi eignast fleiri linsur er 50 mm

Stílhreinar og listrænar

Hvað með stílinn?

„Ég er hrifinn af frekar stílhreinum og listrænum myndum. Mér finnst t.d. vera mikilvægt að litirnir samsvari sér og að það sé jafnvægi í myndinni. Sumt myndefni virka betur í svarthvítu; ég sé það eiginlega alltaf strax þegar mynd á að vera svarthvít.Ég tek fjöldann allan af myndum en vel svo úr þær sem mér finnst tala við mig og sem mér finnst vekja tilfinningar, t.d. friðsemd, kraft, ógn eða sorg.“ Ásgeir hefur auðvitað líka myndað á Íslandi. Og hálendið er í upphaldi. „Mér finnst fátt betra en að vera í friði uppi á fjöllum með myndavélina. Þegar maður ferðast til að taka myndir fer maður að sjá landið öðrum augum; maður upplifir það öðruvísi.“ Ásgeir fékk nýlega tækifæri til að ferðast með þyrlu til að komast í tæri við eldgosið í Holuhrauni. „Þar fékk ég alveg nýja sýn á náttúruna. Ég kom á sínum tíma að eldgosinu við Eyjafjallajökul en að sjá þetta úr lofti var alveg magnað.“

Ævintýraheimar. Á Grænlandi. Og á Íslandi.



MYNDIR: ASGER PÉTURSSON

www.facebook.com/ASHAPEPHOTOGRAPHY



Austur-Grænlandi hopa jöklar og hafisþekjan minnkar.

MYND: ARI TRAUSTI



Breiðamerkujökull hefur rýrnað hratt og hópnað marga kílómetra síðan um 1930.

MYND: ARI TRAUSTI

„Nú sýnist manni hins vegar stefna í fjögurra stiga hækkun fyrir aldalok sem er tvöföldun á því sem menn telja viðráðanlegt.“

Ari Trausti Guðmundsson.

Gríðarlega mikið áhyggjuefni

Hlýskeyðið, sem nú stendur yfir, hefur haft mikil áhrif á veðurfar. Náttúruframsbreytingar á norðurslóðum – þar sem jöklar, hafis, pólsjór, kaldir hafstraumar og jarðklaki skipta miklu máli varðandi veðurfar á jörðinni almennt – geta haft mikil áhrif á allt mannkyn.

ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON jarðvísindamaður segir að í óefni geti stefnt.

Ari Trausti Guðmundsson segir að annars vegar verði að líta til náttúrunnar og hins vegar til mannlífsins á norðurslóðum í þessu sambandi.

„Hvað náttúruna varðar þá má líta á það sem gerist staðbundið og svo er hægt að líta á þetta í hnattænu sambengi. Sjávariss-breytingarnar eru einna alvarlegastar; hafísinn minnkar í norðri. Þessi stóri, hvíti skjöldur skiptir veðurfar á jörðinni gríðarlega miklu máli vegna þess að hann endurvarpar 80-90% af sólgeluninni til baka. Hann er þegar farinn að rýrna mjög mikið eða um þriðjung á 10-20 ára tímabili. Hlýnun hafsins verður þess vegna enn hraðari en nú er. Þá geta hafstraumar breyst og afleiðingarnar eru ófyrirsjáanlegar. Það er ekki hægt að spá neinu en þetta er gríðarlega mikið áhyggjuefni.“

Um fjórar milljónir manna búa á norðurslóðum og segir Ari Trausti að ef lítið sé á félagslegu hliðina þá sé hröð og harkaleg breyting á stöðu þjóðfélaga þar afdrifarik fyrir þau. „Það getur vissulega verið til góðs en það getur líka verið neikvætt. Þannig að ef menn fara ekki varlega í auðlindanýtingu getur þetta farið mjög illa.“

Óleysanleg mótsgögn

Mikil auðæfi er að finna á norðurslóðum – svo sem gas, olfu og náttúruauðlindir í jörðu – og segir Ari Trausti að mótsgögnin í þessu sé fölgín í að við vinnslu og notkun

þeirra herðir á loftslagsbreytingum þar sem þá yrði enn meira af kolefnisgösum sleppt. „Fyrir mér er þetta óleysanleg mótsgögn. Svo er þetta meira umfang og margfalt stærri aðgerðir en þessi samfélag hafa nokkurn tímann séð.“

Ari Trausti segir að það sé spurning hvaða stefnu ríkisstjórnir viðkomandi landa hafi og hvernig hægt sé að hafa áhrif á þær innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.

„Þeir sem búa þarna eru að hluta til frumbyggjar og rödd þeirra er óskaplega veik. Vandamálið er tvíþætt; hagstjórnin plús pólitíska andrúmsloftið og svo þessi ákveðna þöggun sem segja má að frumbyggjarnir verði fyrir.“

Svo er líka um að ræða utanaðkomandi áhrif; þrýstingur stórfyrirtækja, hvort sem þau eru í olfu- eða einhverjum námarekstri, í að komast inn á þessi svæði. Það



Ari Trausti Guðmundsson jarðvísindamaður.

gerist þrátt fyrir að vísindamenn og ýmsar alþjóðastofnanir og jafnvel fyrirtæki hafa sýnt býsna kyrfilega fram á að það má ekki einu sinni klára að vinna þær olfulindir sem eru þekktar ef það á að halda hlýnun þokkalega í skefjum.“

Yrði þjóðum dýrt

Ari Trausti segir að óttast sé að hlýnun á alheimsvísu verði allt of mikil.

„Menn hafa sett sem viðráðanlegt mark að meðalhiti jarðar hækki um tvö stig vegna mannlægra áhrifa og þátta. Manngerði

hlutinn má hins vegar ekki leiða til meiri hækkunar en það ef þetta á að ganga nokkurn veginn upp. Engu að síður verða mótvægisáðgerðir og aðlögun þjóðfélaga mjög viðtæk verkefni og stór baggi á þeim. Nú sýnist manni hins vegar stefna í fjögurra stiga hækkun fyrir aldalok sem er tvöföldun á því sem menn telja viðráðanlegt. Því myndi fylgja veruleg sjávarborðshækkun, mikil jökulbráðnun sem myndi leiða til vatnsskorts víða í heiminum og hungurs við miðbik jarðarinnar. Þar eru jöklar aðalvatnsforðabúir hundruð milljóna manna. Súrnun hafsins eykst eftir því sem hitastigið hækkar sem leiðir til þess að kalk fer að leysast upp.

Það yrði þjóðum óskaplega dýrt ef allar helstu breytingar í náttúrunni fá að ganga mjög langt vegna mistaka og kæruleysis. Þær kosta miklar fórnir, mikla fólksflutninga og breytingar, sem menn eru ekki vissir um að myndu endilega ganga fríðsamlega fyrir sig.“

-SJ



Jöklar rýrna næstum alls staðar í heiminum.

MYND: ARI TRAUSTI

Samvinna og gagnkvæm viðskipti nauðsynleg

VESTNORRÆNA RÁÐIÐ er samstarfsvettvangur þjóðþinga Íslands, Grænlands og Færeyja og á meðal markmiði þess er að vinna saman að vestnorrænum hagsmunum og hugðarefnum. Samvinna landanna þykir vera nauðsynleg þegar kemur að siglingum á norðvesturleiðinni.



MYND: MADIS PHIL

Vestnorræna ráðið er með skrifstofu í Reykjavík og er framkvæmdastjóri þess Inga Dóra Markussen. Áttán þingmenn sitja í ráðinu, sex frá hverju aðildarríki, og kemur ráðið saman tvisvar á ári, til þemaráðstefnu og ársfundar.

Á meðal markmiða ráðsins er að vinna saman að vestnorrænum hagsmunum og hugðarefnum, að vernda auðlindir og menningu landanna í Norður-Atlantshafi og efla samráð ríkis- og landstjórna Vestur-Norðurlanda og þá einkum í víðkvæmum og alvarlegum málum sem snerta t.d. mengun og auðlindanýtingu. Þá á ráðið að fylgja eftir samstarfi ríkis- og landstjórna vestnorrænu landanna, efla samstarf við Norðurlandaáráð og að vera tengiliður milli þinga landanna, vestnorræna stofnana og alþjóðlegra samtaka.



Inga Dóra Markussen.

„Framtíðarmöguleikar landanna þriggja eru miklir og hvað varðar norðurheimskautssvæðið þurfum við að hugsa um hagsmunum okkar allra.“ segir Inga Dóra.

„Miklar auðlindir eru á svæðinu og þá sérstaklega á Grænlandi hvað varðar málma og með góðri samvinnu og viðskiptum við hvert annað getum við staðið sterk á heimsmarkaði. Þá er innan ráðsins rætt um sjávarútveg landanna þriggja en möguleikarnir þar eru miklir.“

Vestnorræna ráðið hefur sótt um áheyrnaraðild hjá Norðurheimskautsráðinu en við sem búum á norðurheimskautssvæðinu viljum geta fylgst með í fremstu röð á þessum mikilvægu fundum þar sem umræður eru um svæðið eins og það leggur sig.“

Skipaflutningar um norðvesturleiðina

Á þemaráðstefnunni á þessu ári verður lögð áhersla á sameiginlega stefnu landanna þriggja á norðurslóðum. Inga Dóra segir að löndin þrjú hafi unnið mikið saman í tengslum við menn-

ingu, heilbrigðismál og mál-efni um nám en að koma þurfi á meiri samskiptum eða samvinnu í tengslum við viðskipti á milli landanna. Þá segir hún þurfa meiri samvinnu varðandi skipa-

flutninga um norðvesturleiðina, siglingaleiðina frá Kyrrahafi til Atlantshafs um norðurheimskautið, sem opnast vegna hnatt-rænnar hlýnunar og þar með hops heimskautsins.



MYND: KY MILLER

„Framtíðarmöguleikar landanna þriggja eru miklir og hvað varðar norðurheimskautssvæðið þurfum við að hugsa um hagsmunum okkar allra.“

Inga Dóra Markussen



MYND: MADIS PHIL

„Ísland, Grænland og Færeyjar myndu tengjast þessum flutningum sem hafa með heimsmarkaðinn að gera og það gerir það að verkum að við þurfum að hugsa saman um þessi mál; áhuginn er mikill en það er nauðsynlegt að vera samtaka og hugsa lengra til framtíðar. Við verðum að vera viðbúin þegar þessir flutningar fara í gang. Fjalla á m.a. um stefnu vestnorrænu landanna hvað þetta varðar á fundi ráðsins í lok janúar.“

Seinkun á námuvinnslu

Tvær yfirlýsingar voru samþykktar á ársfundi ráðsins í fyrra og í annarri eru ríkisstjórnir Íslands og Færeyja hvattar til að stöðja viðleitni Grænlands til að öðlast viðurkenningu sem strandríki og fá þátttökurétt í samningaviðræðum strandríka um uppsjávarfiska á jafnréttisgrundvelli. Það tengist markrílveidum þar sem maktill er farinn að veiðast æ meira í grænlenstri lögsögu.

Um 57.000 manns búa á Grænlandi þar sem Grænlandsjökull þekur um 80% landsins og mikil verðmæti eru í jörðu. Samt sem áður eru lífskjör ekki nógu góð og vonir um námagróft hafa minnk- að að undanförunu.

„Það er mikil kreppa á Grænlandi og það mun taka langan tíma að byggja upp svona námuönd. Vonir stóðu til að sá iðnaður gæti haft jákvæð áhrif á fjármál landsins en það krefst miklu meira en þess að fá einhverjar námur í gang til þess að gera Grænland sjálfstæðara eða sjálfbærara efnahagslega. Ef ég lít til Grænlands og hagsmunir Grænleinga þá er ég ekki í vafa um að þeir munu einn góðan veðurdag vilja breyta stöðu sinni varðandi sjálfstæði.“

-SJ



Séð yfir Víti frá 1724 AD að bornu Tý á IDDP 1.
MYND: GUÐMUNDUR Ó. FRIBLEIFSSON

Ávinningurinn fyrir orku-geirann getur orðið mikill

„Ávinningurinn getur orðið mikill fyrir orkugeirann á Íslandi ef hægt verður að ná tökum á djúpbörnum,“ segir **DR. GUÐRÚN SÆVARSDÓTTIR**, forseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík. Þá yrði hægt að framlæða meiri orku og með hagkvæmari hætti.

Íslenska djúpbörnarverkefnið, IDDP, var stofnað árið 2000 af HS-orku, Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkustofnun. Auk þeirra koma fleiri að verkefninu – íslenskar og erlendar vísindastofnanir, fyrirtæki og háskólar. Með djúpbörnarverkefninu er ætlunin að bora niður á um fimm kílómetra dýpi eða nálægt varmagjafa jarðhitasvæðis en hefðbundnar borholur ná niður á um tveggja kílómetra dýpi. Markmiðið er að ná meiri orku úr iðrum jarðar þar sem hitastig er um 400-500 gráður.

„Ef þetta tekst verður hægt að ná upp jarðhitavökvu, eða vatni, sem er töluvert heitara og orkuríkara heldur en það sem fæst úr hefðbundnum jarðhitaholum,“ segir Guðrún Sævarsdóttir. „Lögmál varmafræðinnar segja að ef um er að ræða heitari vökvu þá sé hægt að ná meiri varmafræðilegri nýtni út úr vökvunum þegar orkuforminu er breytt frá varma yfir í raforku.“

Guðrún segir að ástæða þess að lághitavökvu, sem er 120 gráður eða kaldari, sé yfirleitt ekki notaðar í raforkuframléðslu, heldur fyrst og fremst í húshitun, sé að mjög óhagkvæmt sé að breyta þeirri orku yfir í raforku út af fyrrnefndum lögmálum.

„Annar kostur við að gera þetta með þessum hætti er að ef hægt

er að bora nógu djúpt til þess að ná í heitari vökvu verður kannski hægt að fjölga þeim svæðum þar sem hægt er að vinna varma; það væri þá kannski hægt að fara inn á svæði sem flokkast ekki í dag sem hefðbundin jarðhitasvæði.“

Sýnd veiði en ekki gefin
Djúpbörnarhola var boruð við Kröflu fyrir nokkrum árum og átti að bora niður á fjóra til fimm kílómetra.

„Holan átti að lenda nálægt kvikuholi sem menn töldu sig vera búna að staðsetja en það tókst þó aldrei að bora nema tvo kílómetra niður því borinn lenti á kviku á því dýpi og því var ekki hægt að bora lengra. Upp úr þeirri holu fékkst heitasti vökvu sem nokkurn tímann hefur fengist upp úr jarðhitaborholu á Íslandi eða yfirhitið gufa við allt að 450 gráður. Úr venjulegri jarðhitaborholu fæst í mesta lagi um 2-300 gráðu heitur vökvu. Flæðismælingar benda til að þessi eina hola geti gefið um 30 megavött af raforku en það má bera saman við uppsett afl Kröfluvirkjunar sem er 60 megavött.“

Holan var svo kröftug að það endaði með því að hún var kæfð og er hún ónýtt í dag. Á þeim tíma sem hún var í rekstri náðist heilmikill árangur við að þróa aðferðir svo hægt væri að nýta gufuna til raforkuframléðslu. Að lokum



Guðrún Sævarsdóttir

„Lögmál varmafræðinnar segja að ef um er að ræða heitari vökvu þá sé hægt að ná meiri varmafræðilegri nýtni út úr vökvunum þegar orkuforminu er breytt frá varma yfir í raforku.“

biladi búnaður við holutoppinn vegna þessa óvenjulega álags og menn voru hræddir um að missa stjórna á þessu og dældu köldu vatni ofan í holuna og við það eyðilagðist stálþöðringur sem er ofan í holunni.

Þetta segir manni að það þarf að hanna allan búnaðinn sér-



YFIRLITSMYND ÚR KRÖFLU
Jarðborin Týr á borholu IDDP1. Víti og fjallið Krafla í bakgrunni.
MYND: EMLI ÞÓR



Hola IDDP1 í blæstri – takið eftir að sjá má í gegnum yfirhitið gufuna næst grjóti og malari augnum sem notaður er til hjóðeyfingar. Tíraunabúnaður er í bláa gámmum.
MYND: KRISTJAN ENNARSSON



Jarðborinn Týr á IDDP 1 2009
MYND: GUÐMUNDUR Ó. FRIBLEIFSSON

staklega til þess að taka við þessum heita vökvu. Djúpbörnar eru sýnd veiði en ekki gefin þar sem bæði form og efnasamsetning jarðhitavökvans er öðruvísi heldur en þegar um er að ræða hefðbundið hitastig auk fleiri áskorana. Þetta þarf allt að hafa í huga þegar næsta hola verður undirbúin.

Að mínu mati er þetta framsæknasta rannsóknar- og þróunarverkefnið í íslenskum jarðhita í dag enda standa fyrirtækin öll saman að þessu. Ávinningurinn getur orðið mikill fyrir orkugeirann á Íslandi ef hægt verður að leysa öll þau vandamál sem geta fylgt djúpbörnum. Þá yrði hægt að framlæða meiri orku með hagkvæmari hætti og jafnvel nýta fleiri svæði, stækka auðlindina og ná meiri nýtni út úr hverri holu. Það þýðir í raun meiri og hagkvæmari orkuframléðsla fyrir íslensk orkufyrirtæki og íslenskt samfélag.“

-SJ

17 PORRASALIR
KÓPAVOGUR



Verðdæmi:

124 m²
fjögurra herb.
á 39,9 millj. kr.

88 m²
þriggja herb.
á 31,9 millj. kr.

Tilbúnaðar fjölskylduíbúðir — frá 322 þús. kr. á fermetra

Við kynnum glæsilegt húsnæði í Porrasölum 17 með séringangi og rúmgóðri geymslu. Glæsilegur bílakjallari er undir húsinu. Útsýnið nýtur sín um stóra glugga í björtum íbúðum sem skarta vönduðum innréttingum. Skemmtilegt leiksvæði í garðinum kallar á börnin út að leika.

Stutt er í alla þjónustu, með Salaskóla, verslun, heilsugæslu, sundlaug, íþróttahús og líkamsrækt í göngufæri. Náttúran teygir sig inn í hverfið með útivistarparadísina Heiðmörk og Golfvöll GKG í túnfætinum.

Göturnar eru hannaðar til að hægja á umferð og auka öryggi í hverfi sem færir aukin lífsgæði í fjölskylduvænu umhverfi.

Fáðu nánari upplýsingar á www.mannverk.is



Telur framtíð íslensks sjávarútvegs afar heillandi

ÍSLENSKI SJÁVARKLASINN á Grandagarði er drifkraftur nýrra hugmynda og stuðlar að öflugri samstarfi fyrirtækja og frumkvöðla í sjávarútvegi og haftengdri starfsemi. Með sterkari tengingum og samvinnu opnast ný tækifæri til nýsköpunar og atvinnusóknar til framtíðar.

Svo langt aftur sem menn hafa getað aflað vitneskju um, hefur maðurinn lagt sig fram við að veiða og ala fisk með öllum tiltækum ráðum hverju sinni. Á því verður engin breyting og með öllum þeim tækniframförum sem hafa átt sér stað stendur íslenskur sjávarútvegur öflugri en nokkru sinni fyrr. Til viðbótar eru stórfelldar framfarir á sviði rannsóknna og nýsköpunar sem opna á ný tækifæri, verðmætasköpun og enn frekari eflingu í greininni. Með þessum nýja sjávarútvegi er eðlilegt að kvikni áhugi hjá ungu fólki. Aukin sókn í haftengt nám á undanförunum árum sýnir fram á mikla vitundarvakningu, en betur má ef duga skal og er mikilvægt að viðhalda þessari þróun. Fjölbreytt námsfara á samt samvinnu skóla- og atvinnulífs er nauðsynleg forsenda þess að stuðla að áframhaldandi framförum í íslenskum sjávarútvegi.

Íslenski sjávarklasinn er fyrirtæki sem tengir saman frumkvöðla og fyrirtæki í sjávarútvegi og öðrum haftengdum greinum. Fyrirtækið stundar margvíslegar rannsóknir, greiningarvinnu og ráðgjöf til að byggja undir aðalstarfsemi sína sem er að stuðla að framgangi í nýsköpunarhugmyndum og stofnun nýrra fyrirtækja.

Íslenski sjávarklasinn sleit barnskónum í doktorsrannsóknunum Þórs Sigfússonar við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Í rannsókninni voru svokölluð veik tengsl í tengslanetum (net-verki) frumkvöðla sérstaklega tekin til skoðunar og það athugað hvernig og að hvaða marki slík tengsl nýfast frumkvöðlunum við framgang verkefna sinna. Við rannsóknina komu fram vísbendingar um að frumkvöðlar úr tæknifyrirtækjum tengdum sjávarútvegi á Íslandi hefðu mun smærri tengslanet en frumkvöðlar úr öðrum alþjóðlegum tæknigeirum atvinnulífsins. Í



Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, og Eyryn Hulda Árnadóttir, verkefnastjóri, ásamt hópi fulltrúa nýsköpunarfyrirtækja sem hafa starfsaðstöðu í Íslenska sjávarklasunum.

kjölfarið var 20 frumkvöðlum úr tæknifyrirtækjum tengdum sjávarútvegi boðið til fundar til að ræða samstarf. Á fundinum kom í ljós að sáralitl tengsl voru milli fyrirtækjanna og frumkvöðla þeirra, þrátt fyrir að um væri að ræða fyrirtæki sem flest öll voru ekki í nokkurs konar samkeppni en voru engu að síður að vinna á sömu mörkuðunum með ólíkra tæknilausnir fyrir sjávarútvegs-fyrirtæki. Þarna blasti því við augljóst tækifæri til stofnunar formlegs klasasamstarfs.

Fyrstu verkefni

Íslenski sjávarklasinn varð formlegt rannsóknarverkefni við Háskóla Íslands árið 2010. Það rannsóknarverkefni fólst einkum í kortlagningu allrar starfsemi tengdri hafinu á Íslandi, allt frá fiskveiðum, vinnslu og fiskeldi, til líftækni- og hátækniframleiðslu, rannsókna, flutningastarfssemi og viðgerða- og viðhaldsþjónustu. Þessi víðtæka starfsemi fékk heitið „sjávarklasinn á Íslandi“ og skýrsla um þessa kortlagningu kom út árið 2011. Í kjölfarið var einnig unnið að víðtækri rannsókn á efnahagslegum umsvifum sjávarklasans á Íslandi árið 2010. Stíðan þá hafa árlega komið út skýrslur á vegum Íslenska sjávar-

klasans um efnahagsleg umsvif sjávarklasans á Íslandi 2011, 2012 og 2013.

Í maí 2011 var haldinn opin fundur þar sem kortlagning sjávarklasans á Íslandi var kynnt og sagt frá vísbendingum um að samstarfi innan sjávarútvegsins og annarra tengdra greina væri ábótavant, en bæta mætti úr því með formlegu klasasamstarfi og stofnun klasastjórnunarfyrirtækis. Hugmyndin mæltist vel fyrir og samstarfsaðilum fjölgaði hratt. Íslenski sjávarklasinn tók svo formlega til starfa í kjölfarið undir stjórn Þórs Sigfússonar.

Alþjóðleg ráðgjöf á sviði haf- og sjávarútvegs mála

Frá formlegri stofnun klasasamstarfsins árið 2011 hefur verið ráðist í fjölmörg samstarfsverkefni á vettvangi klasans og það hefur fjöldi nýrra fyrirtækja verið stofnað fyrir tilstilli samstarfs ýmissa fyrirtækja og frumkvöðla innan hans. Dæmi um slík fyrirtæki eru Codland, Ocean Excellence og Ankra. Í nóvember 2012 átti Íslenski sjávarklasinn svo frumkvæði að stofnun North Atlantic Ocean Cluster Alliance sem eru heildarsamtök sjávarklasa í Norður-Atlantshafi. Íslenski sjávarklasinn leggur enda kapp á stærkar alþjóðlegar

tengingar til uppbyggingar víðtæks þekkingarnets í haftengdum málefnum á Norður-Atlantshafi. Starfsemi klasa af þessu tagi nýtur sífellt meiri viðurkenningar sem öflugt þróunartæki. Með samstarfi ólíkra aðila gegnum formlegan klasa er stutt við viðskiptaþróun, verðmætasköpun og nýsköpun og annarra tengdra greina væri ábótavant, en bæta mætti úr því með formlegu klasasamstarfi og stofnun klasastjórnunarfyrirtækis. Hugmyndin mæltist vel fyrir og samstarfsaðilum fjölgaði hratt. Íslenski sjávarklasinn tók svo formlega til starfa í kjölfarið undir stjórn Þórs Sigfússonar.

Unnið er með hugmyndir um að stofna öflugt fyrirtæki í alþjóðlegri ráðgjöf til fyrirtækja, stjórvalda og alþjóðlegra stofnana á sviði haf- og sjávarútvegs mála. Haft er eftir Þór Sigfússyni, framkvæmdastjóra Íslenska Sjávarklasans, að Íslendingar hafi getið sér gott orð víða um heim á sviði haf- og sjávarútvegs mála. Á þeirri reynslu verður byggt. Vöxtur í ráðgjafastarfsemi í haftengdum greinum, bæði í sjávarútvegi, fiskeldi og olíu, er stöðugt að vaxa svo tímabært er að stofna fyrirtæki í alþjóðlegri ráðgjöf fyrirtækja.

Vaxandi ásókn í sjávarútvegsfræði

Háskólinn á Akureyri hóf kennslu í sjávarútvegsfræði árið 1990 en nú hafa 170 sjávarútvegsfræðingar útskrifast þaðan. Námið er mjög fjölbreytt og rúmar mörg fræða-

er lifrin flutt rakið frá fiskmarkaði Bolungarvíkur í kaldskilun og pressun í verskmiðju True Westfjords, sem staðsett er aðeins nokkum metrum frá markaðinum,“ segir Birgitta Baldursdóttir. Með þessu móti er hægt að tryggja að framleiðslan sé ávallt fersk jómfrúar-olía, án viðbætttra innfluttra vítamína. Vörunni hefur verið gífurlega vel tekið bæði hérlendis og erlendis, viðræður eru langt komnar við dreifingaraðila í Bandaríkjunum, Kína og Skandinavíu. **-GG**

„Dropsi Cod Liver Oil er 100% náttúruleg íslensk þorsklifrarolía“

- segir Birgitta Baldursdóttir, einn þriggja eigenda True Westfjords

True Westfjords Trading ehf. hefur haft aðsetur í Sjávarklasunum síðan í upphafi ársins 2014. Fyrirtækið er sölu- og markaðsfyrirtæki, sem vinnur að því að markaðssetja vöruna Dropsi Cod Liver Oil, extra virgin, á innlendum og erlendum mörkuðum. Dropsi Cod Liver Oil er hugafróstur þriggja athafnavennna frá Vestfjörðum, þeirra Birgittu Baldursdóttur, Sigrúnu Sigurðardóttur og Önnu S. Jörundsdóttur, sem vinna að þróun og framleiðslu vörunnar í fyrirtæki sínu True



Birgitta Baldursdóttir.

Westfjords ehf. í Bolungarvík. „Dropsi Cod Liver Oil er 100% náttúruleg íslensk þorsklifrarolía, sem er á allan hátt kaldunnin til þess að varðveita ferskleika olunnar og mikilvægra næringarefna eins og vítamín A og D og víðkvæma fitusýra. Aðferðin, sem notuð er við framleiðsluna, byggir á aðferðum íslensku landnemanna við að einangra þessa heilsuþættandi olíu úr þorsklifrunum. Þorskurinn, sem notaður er við framleiðslu Dropsi Cod Liver Oil, er sóttur frá línubátaplota Bolvíkinga og

„Ankra var stofnað í kringum nýja hugsun hvað varðar heilbrigði húðar“

- segir Hrönn Margrét Magnúsdóttir

Hrönn Margrét Magnúsdóttir er einn af stofnendum Ankra, sem táknar akkeri, en fyrirtækið er með fæðubótarefni og húðvörur sem hægja á einkennum öldrunar. Markmið okkar er að vera með vörur sem vinna saman bæði innan frá og utan að bættari líðan og útliti. Fyrsta varan okkar er Amino Collagen, sem er alveg hrein afurð og unnin úr íslensku fiskroði en með notkun hennar er meðal annars hægt að minnka verki í liðum. Við höfum fengið margar umsagnir frá notendum sem hafa fundið verulegan mun eftir að hafa notað Amino Collagen. Collagen er einnig mjög gott fyrir húðina og getur hjálpað til við að draga úr hrukkmundun þegar fólk eldist.

„Við settum á markað fyrstu húðvöruna okkar í byrjun ársins, en um er að ræða einstaklega virkt andlitsesserum sem inniheldur bæði sjávarensím og collagen. Ensímmin ná að fjarlægja dauðar húðfrumur sem gerir collageninu kleift að komast dýpra inn í húðina. Það er einstaklega gaman að framleiða hágæða vörur úr hráefni sem áður var ekki nýtt nema að litlu leyti og lágt verð fékkst fyrir. Ankra er því þáttakandi í því að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða með vörum sínum,“ segir Hrönn Margrét Magnúsdóttir.

Ankra var stofnað árið 2013 í kringum alveg nýja hugsun varðandi heilbrigði húðar. Ankra notar einstök virk efni úr hafinu í kringum Ísland, ekki einungis í hágæða húðvörum heldur einnig til inntöku, sem saman vinna bæði að innan sem og utan að bættu útliti og líðan. Eitt af markmiðum Ankra er að auka verðmæti íslenskra sjávarafurða í formi fullþróaðra vara sem seldar verða hérlendis og erlendis. Ankra hefur aðsetur í Íslenska sjávarklasunum á Grandagarði 16, en Íslenski sjávarklasinn er samstarfsveitvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi á Íslandi, sem hefur það að markmiði að auka virði þeirra fyrirtækja sem starfa í klasanum. Hlutverk sjávarklasans er að tengja saman fólk og fyrirtæki



Hrönn Margrét Magnúsdóttir.

og drífa áfram nýjar hugmyndir og verkefni.

Collagen er að finna í öllum liðum

Collagen (kollagen) er eitt aðal uppbyggjngarprótein líkamans. Collagen er að finna í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum. Einnig er Collagen mjög stór partur af húð, hári og nögulum. Collagen prótein sjá til þess að vefir líkamans haldist sterkir.

Líkaminn framleiðir Collagen en um 25 ára aldur fer að hægjast veru-

lega á framleiðslunni, að meðaltali um 1,5% á hverju ári.

„Þegar Collagen framleiðslan minnkar byrja vefir líkamans að veikjast og það fer að bera á ýmsum öldrunareinkennum svo sem verkjum í liðum og liðamótum. Einnig byrja að myndast hrukur og teygjanleiki í húð minnkar. Rannsóknir hafa sýnt fram á að með inntöku á Collagen próteini er hægt að minnka verki í liðum og draga úr hrukkmundun,“ segir Hrönn Margrét Magnúsdóttir. **-GG**



Instafish er vaxandi fyrirtæki. F.v.: Pengill Björnsson, Vignir Már Lýðsson og Janus Arn Guðmundsson.

„Instafish er ætlað að vera gátt fyrir íslenskar sjávarafurðir til Kína“

- segja stofnendur fyrirtækisins

Janus Arn Guðmundsson, Vignir Már Lýðsson og Pengill Björnsson stofnuðu fyrir nokkru Instafish, sem er ætlað að vera gátt fyrir íslenskan sjávarútveg á netinu þar sem framleiðendur íslenskra sjávarafurða geta kynnt vörur sínar en þeir félagar vinna að því að koma á sambandi við kínverska birgja bæði í heildsölu og smásölu á sjávarafurðum, hvort sem er um ferskar eða fullunnar vörur. „Við vonumst til að það geti gerst á allra næstu vikum, við erum þegar í sambandi við nokkrar útgerðir, en megintilgangurinn er að fækka milliliðum milli framleiðenda hérlendis og neytenda í Kína, sem er eins og kunnugt er gríðarlega stór markaður. Kínverjarnir leggja mikla áherslu á hreinar afurðir, hvort sem um ferskar eða fullunnar vörur er að ræða,“ segir Janus Arn Guðmundsson.

Af hverju beinið þið sjónum ykkar til Kína, er það stærð markaðarins eða eitthvað annað?

„Kínverjar eru langt á undan okkur á Vesturlöndum í netverslun, og þeir eru sérstaklega áhugasamir um að versla sjávarafurðir frá fyrirtækjum í Norður-Evrópu en í dag er enginn á Íslandi á þeim markaði. Við getum komið íslenskum afurðum, sem keyptar eru á netinu, til Kína á þremur dögum. Kínverski markaðurinn er mjög spennandi, hann er stærsti innflytjandi, útflytjandi og neytandi sjávarafurða í heiminum en um 35% alls afla, sem veiddur er í heiminum, er seldur til Kína og það hlutfall fer ört hækkandi. Í mörgum kínverskum borgum er að finna þróuðustu dreifikerfi í heimi, Vesturlöndin getu margt lært af Kínverjum í þeim efnum. Við þekkjum dæmi þess að einstaklingar í Kína versli nánast allt til heimilisins gegnum netið, sérstaklega fólk úr millistétt, sem fer ört stækkandi og við lok þessa árs gætu það verið orðnar um 650 milljónir manns. Þarna er lítið á það sem ákveðið stöðutákn að versla með innfluttar sjávarafurðir.“

Þeir félagar í Instafish telja að hægt sé að markaðssetja nánast hvað sem er í Kína. Á næstu vikum fara hjólin að snúast hjá þeim af krafti eftir mikla og dýrmæta undirbúningsvinnu. Þeir segja mikilvægt að vera í umhverfi eins og Íslenska sjávarklasunum þar sem hægt er að ráðfæra sig við marga undir sama þaki. **-GG**

„Skráð jurtaglyf eru framleidd samkvæmt sömu gæðastuðlum og hefðbundin lyf“

- segir Kolbrún Hrafnkelsdóttir

Herberia er lyfjafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og markaðssetningu á skráðum jurtaglyfum fyrir Evrópumarkað, en það hefur ekki starfað hérlendis áður. Náttúruvörur hafa hingað til að mestu verið seldar á Íslandi sem fæðubótarefni en skráð jurtaglyf er viðurkennt lyf sem hefur öðlast virðukenningu í mörgum löndum og eru framleidd samkvæmt sömu gæðastuðlum og hefðbundin lyf. Jurtaglyfjum fylgja sams konar leiðbeiningar og hefðbundnum lyfum, hvernig beri að nota þau og hvað ber að varast. „Það er nóg að gera í þessu verkefni hjá okkur í Herberia, en við veitum lausnir fyrir fólk sem vill nota hágæða náttúruglyf og öðlast auknið heilbrigði. Lyfin okkar eru náttúrulegar vörur sem byggja á



Kolbrún Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri Herberia.

langri reynslu sem og vísindalegum rannsóknum og eru samþykkt af evrópskum heilbrigðisfyrirvöldum. Vörur okkar verða seldar í apótekum og munu fást án lyfseðils. Við erum að skrá okkur í 7 löndum með 5 lyf og erum að gera samninga við framleiðslufyrirtæki í Þýskalandi,“ segir Kolbrún Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri Herberia. **-GG**

„Erum m.a. að hjálpa fyrirtækjum að leita í erlend verkefni“

- segir Anna Margrét Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri EVRIS

Fyrirtækið Evris Advice ehf. er stofnað í desember 2013 og er staðsett í Íslenska sjávarklasunum á Grandagarði við Reykjavíkurböfn. Eigendur þess eru Anna Margrét Guðjónsdóttir, sem er framkvæmdastjóri, Hulda Herjólfsdóttir Skogland, Jón Steindór Valdimarsson og Jóna Sólveig Elínardóttir. Anna Margrét segir að Evris sé ráðgjafarfyrirtæki sem hjálpar fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum við að fara í alþjóðleg verkefni og sækja um styrki auk sem Evris tekur sjálf þátt í alþjóðlegum verkefnum. Anna Margrét segir margt vera í pípuunum í þeim efnum.

„Við erum m.a. að hjálpa fyrirtækjum, sem eru staðsett í Íslenska sjávarklasunum og utan hans, og við erum ekki bara að leita að peningum heldur einnig að tengja fólk við verkefni í alþjóðlegum samstarfi. Nýlega skrifuðum við umsókn og náðum að landa markaðsstyrk fyrir fyrirtæki hér innanhúss á Grandanum. Svo flytjum við líka út þekkingu sérfræðinga á ýmsum sviðum með því að selja ráðgjöf sem greidd er af ýmsum sjóðum. Sem dæmi má nefna stórt ráðgjafarverkefni á sviði menningar-mála til borgarinnar Slatina í Rúmeníu en við erum fimm konur, innan og utan Evris, sem munum



Anna Margrét Guðjónsdóttir.

annast þessa ráðgjöf fram á mitt næsta ár. Það er Þróunarsjóður EFTA sem greiðir fyrir þessa ráðgjöf,“ segir Anna Margrét. „Svo leiðum við eitt stórt Evrópuverkefni á sviði mannauðsmála svo fátt eigi sé nefnt. Í okkar hvað veita alþjóðlegir sjóðir og ætlanir dýrmtæki-færi til að flytja út íslenska þekkingu.“ **-GG**

STÆRSTA SUNDLAUG MIÐJARÐARHAFSINS

ALLT INNIFALIÐ

1 vika
í sumarfríinu
139.499,-

Á mann m.v. að lágmark
2 greiði fullt verð

Beint flug frá
**Keflavík og
Akureyri**
(í október)

Pegasos World er sannkölluð
fjölskylduparadís með sundlaug sem
er svo stór að í miðjunni er eyja.

PEGASOS WORLD Side, Tyrkland

Nýr frábær vatnsskemmtigarður

Fyrir utan 10 000 m² sundlaugina er nú
einnig nýr vatnsskemmtigarður með
13 villtum vatnsrennibrautum sem gefa
kitl í magann!

Ís í stórum stíl

Hér er Allt innifalið - líka ís allan daginn,
íslenskur barnaklúbbur og nóg af
afþreyingu – og allt án þess að greiða
aukalega!



**NÝR OG FLOTTUR
KAPTEINN NEMO**

Kapteinn Nemo hefur nú fengið nýjan
sérsaumaðan búning sem er flottari
en nokkru sinni! Hann og áhöfn
hans hafa tekið yfir öll okkar Pegasos
hótel!

Allt innifalið frá **139.499,-** Börn undir 16 ára aldri frá **49.000,-**



World of TUI

allan sólarhringinn: **nazar.is** persónuleg þjónusta: **519 2777**

nazar